

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

VIÐAUKI I

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Sebivo 600 mg filmuhúðaðar töflur.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur telbivudin 600 mg.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla.

Hvít til lítið eitt gulleit, sporöskjulaga filmuhúðuð tafla, áletruð „LDT“ á annarri hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Sebivo er ætlað til meðferðar við langvinnri lifrabólgu B hjá fullorðnum sjúklingum með lifrarsjúkdóm sem ekki fer versnandi og staðfesta veirufölgum, þóvarandi aukna sermispéttni alanínamínótransferasa (ALT) og vefjafræðilega staðfestingu á verkri bólgu og/eða bandvefsaukningu.

Einungis skal íhuga að hefja meðferð með Sebivo þegar önnur veirulyf með hærri erfðafræðilegan þröskuld gegn ónæmi eru ekki fánleg eða notkun þeirra á ekki við.

Sjá kafla 5.1 hvað varðar ítarlegri upplýsingar um rannsóknina og sértækar upplýsingar um sjúklingana, sem ábendingin grundvallast á.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir sem er sérfræðingur með reynslu í meðferð langvinnrar lifrabólgu B skal hefja meðferðina.

Skammtar

Fullorðnir

Ráðlagður skammtur Sebivo er 600 mg (ein tafla) einu sinni á dag.

Íhuga má að nota Sebivo mixtúru, lausn handa sjúklingum sem eiga í erfiðleikum með að gleypa töflur.

Þjálfing meðan á meðferð stendur

Þjálfing hefur verið fram á að svörun í 24. viku meðferðarinnar hafi forspárgildi um langtímasvörun (sjá mynd 7 í kafla 5.1). Mæla skal magn HBV DNA í 24. viku meðferðarinnar til að tryggja fullkomna bælingu á veirunni (HBV DNA innan við 300 eintök/ml). Íhuga skal að breyta meðferðinni hjá sjúklingum með mælanlegt magn HBV DNA eftir 24 vikna meðferð.

Mæla skal magn HBV DNA á 6 mánaða fresti til að tryggja áframhaldandi svörun. Ef HBV DNA greinist hjá sjúklingum, á einhverjum tímamarki eftir upphaflega svörun, skal íhuga að breyta meðferðinni. Hafa skal mælingar á ónæmi til hliðsjónar til að ná ákjósanlegustu meðferð.

Lengd meðferðar

Viðeigandi meðferðarlengd er ekki þekkt. Íhuga skal að hætta meðferð í samræmi við eftirfarandi:

- Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum, sem ekki eru með skorpulífur, skal halda meðferð áfram, í að minnsta kosti 6-12 mánuði eftir að mæling á mótefnum gegn HBeAg hefur verið staðfest (HBeAg greinist ekki lengur og HBV DNA greinist ekki lengur en and-HBe greinist) eða þar til mótefni gegn HBsAg mælast eða vísbendingar eru um að lyfið sé hætt að virka. Hafa skal reglulegt eftirlit með þéttni ALT og HBV DNA í sermi eftir að meðferð er hætt til að greina mögulega síðkomna veirufræðilega versnun.
- Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum, sem ekki eru með skorpulífur, skal halda meðferð áfram, að minnsta kosti þar til mótefni gegn HBsAg mælast eða vísbendingar eru um að lyfið sé hætt að virka. Þegar um langvarandi meðferð í meira en 2 ár er að ræða, er mælt með reglulegu endurmati til að staðfesta að viðeigandi sé fyrir sjúklinginn að halda viðkomandi meðferð áfram.

Skammtar sem gleymast

Ef skammtur gleymist má sjúklingurinn einungis taka skammtinn sem gleymdist eftir þess en 4 klst. eru þar til taka á næsta áætlaðan skammt. Taka skal næsta skammt á venjulegum tíma.

Aldraðir (eldri en 65 ára)

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar sem styðja sértækar skammtaráðleggingar vegna sjúklinga eldri en 65 ára (sjá kafla 4.4).

Skert nýrnastarfsemi

Ráðlagður skammtur telbivudins er hinn sami fyrir sjúklinga með kreatínín úthreinsun ≥ 50 ml/mín. Aðlaga þarf skammta hjá sjúklingum með kreatínín úthreinsun < 50 ml/mín., þar með talið hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi, sem eru í blóðskilun. Ráðlagt er að minnka sólarhringsskammta með því að nota Sebivo mixtúru, lausn, eins og tilgreint er í töflu 1 hér á eftir. Ef ekki er hægt að nota mixtúru, lausn má nota Sebivo filmuhúðaðar töflur í staðinn og skammtarnir skulu stilltir með því að auka bilið milli skammta, eins og tilgreint er í töflu 1.

Tafla 1 Aðlögun skömmtunar Sebivo hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi

Kreatínín úthreinsun (ml/mín.)	Telbivudin 20 mg/ml mixtúra, lausn Aðlögun sólarhringsskammta	Telbivudin 600 mg filmuhúðaðar töflur Valkostur** við skammtaaðlögun með auknu bili milli skammta
≥ 50	600 mg (30 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á dag
30-49	400 mg (20 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á 48 klst. fresti
< 30 (ekki í skilun)	200 mg (10 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á 72 klst. fresti
ESRD*	120 mg (6 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á 96 klst. fresti

* Nýrnasjúkdómur á lokastigi.

** Ef ekki er hægt að nota mixtúru, lausn

Skammtabreytingarnar sem lagðar eru til, grundvallast á framreikningi og eru ekki endilega þær sem þess eiga við. Ekki hefur verið lagt klínískt mat á öryggi og verkun með tilliti til leiðbeininga um aðlögun skammta. Þess vegna er ráðlagt að hafa náð klínískt eftirlit með þessum sjúklingum.

Sjúklingar með nýrnasjúkdóm á lokastigi

Þegar um er að ræða sjúklinga með nýrnasjúkdóm á lokastigi skal gefa Sebivo að blóðskilun lokinni (sjá kafla 5.2).

Skert lifrarstarfsemi

Ráðlagður skammtur Sebivo er hinn sami fyrir sjúklinga með skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 5.2).

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun Sebivo hjá börnum. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Sebivo er til inntöku, með mat eða án matar. Ekki má tyggja, kljúfa eða mylja töfluna.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum sem talin eru upp í kafla 6.1.

Samhliða notkun telbivudins og pegyltengds eða hefðbundins interferon alfa (sjá kafla 4.4 og 4.5)

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Alvarleg, bráð versnun langvinnrar lifrabólgu B er tiltölulega algeng og einkennist af tímaþundinni hækkun sermispéttni ALT. Eftir að veirueyðandi meðferð hefst getur sermispéttni ALT tengist hjá sumum sjúklingum en sermispéttni HBV DNA minnkað (sjá kafla 4.8). Að meðaltali líta 4-5 vikur áður en sjúkdómurinn tók að versna hjá sjúklingum í meðferð með telbivudini. Á meðfarið lituð blossaði ALT oftast hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum en hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum. Hjá sjúklingum með lifrarsjúkdóm sem ekki fer versnandi fylgir þessari hækkun á sermispéttni ALT yfirleitt ekki hækkun sermispéttni bilirubins eða önnur einkenni versnandi lifrarstarfsemi. Vera má að hætta á versnandi lifrarstarfsemi, og hætta á versnun lifrabólgu B meðalferð, sé meiri hjá sjúklingum með skorpulífur. Því þarf að fylgjast náið með slíkum sjúklingum.

Einnig hefur verið greint frá versnun lifrabólgu hjá sjúklingum sem hafa hætt í meðferð við lifrabólgu B. Skyndihækkun ALT eftir að meðferð er hætt tengist yfirleitt aukinni sermispéttni HBV DNA og meirihluti slíkra tilvika hefur gengið til baka af sjálfu sér. Engu að síður hefur einnig verið greint frá alvarlegri og stundum banvænni versnun sjúkdómsins eftir að meðferð er hætt. Því skal fylgjast reglulega með lifrarstarfsemi, bæði með klínískum rannsóknum og síðan með blóðrannsóknum, í að minnsta kosti 6 mánuði eftir að meðferð við lifrabólgu B hefur verið hætt.

Mjólkursýrublóðsýring

Eftir markaðssetningu hefur verið greint frá mjög sjaldgæfum tilvikum mjólkursýrublóðsýringar í tengslum við telbivudin. Tilvikin eru oftast afleiðing annarra alvarlegra sjúkdóma (t.d. rákvöðvalýsu) og/eða í tengslum við vöðva-tengd tilvik (t.d. vöðvakvilla, vöðvabólgu). Þegar um var að ræða afleiðingu annarra sjúkdóma tengdust sum tilvik einnig brisbólgu, lifrabílun/fítuhrörnun í lifur og nýrnabilun. Í sumum tilvikum var greint frá banvænum tilvikum þegar mjólkursýrublóðsýring var afleiðing af rákvöðvalýsu. Hafa skal náið eftirlit með sjúklingum.

Hætta skal meðferð með telbivudini ef efnaskipta-/mjólkursýrublóðsýring af óþekktum orsökum kemur fram. Vera má að góðkynja einkenni sem tengjast meltingarvegi, t.d. ógleði, uppköst og kvíðveiki, geti bent til þess að mjólkursýrublóðsýring sé að koma fram.

Ástæða á vöðva

Greint hefur verið frá vöðvakvilla og vöðvaverkjum í tengslum við notkun telbivudins, nokkrum tilvikum eða mánuðum eftir að meðferð hófst (sjá kafla 4.8). Greint hefur verið frá tilvikum um rákvöðvalýsu eftir markaðssetningu telbivudins (sjá kafla 4.8).

Íhuga skal hvort um vöðvakvilla, skilgreindur sem þrálátir óútskýrðir vöðvaverkir og/eða vöðvamáttleysi án tillits til þess hve mikið hækkuð þéttni kreatínínasa (CK) er, geti verið að ræða hjá sérhverjum sjúklingi sem fær útbreidda óútskýrða vöðvaverki, vöðvaeymsli, máttleysi í vöðva eða vöðvabólgu (skilgreind sem vöðvakvilli með vefjafræðilegum vísbendingum um vöðvaskemmdir). Ráðleggja skal sjúklingum að láta strax vita af öllum þrálátum óútskýrðum verkjum, sársauka, eymslum eða máttleysi í vöðvum. Sé greint frá einhverju af þessum einkennum, skal framkvæma

ítarlega skoðun á vöðvum til að meta vöðvastarfsemi. Hætta skal meðferð með telbivudini ef vöðvakvilli greinist.

Ekki er þekkt hvort hætta á vöðvakvilla í tengslum við meðferð með telbivudini eykst við samhliða notkun annarra lyfja sem tengjast vöðvakvilla (t.d. statin, fibröt eða ciclosporin). Læknar sem íhuga samhliða meðferð með öðrum lyfjum sem tengjast vöðvakvilla eiga að meta vel og vandlega hugsanlegan ávinning á móti áhættu og fylgjast á með sjúklingum með tilliti til sérhverra einkenna sem benda til vöðvakvilla.

Úttaugakvilli

Í sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá úttaugakvilla hjá sjúklingum í meðferð með telbivudini. Ef grunur er um úttaugakvilla, skal endurskoða meðferð með telbivudini (sjá kafla 4.8).

Aukin hætta á úttaugakvilla hefur komið fram í einni rannsókn við samhliða notkun telbivudins og pegyltengds interferon alfa-2a (sjá kafla 4.5). Ekki er hægt að útiloka samsvarandi hættu fyrir annarskonar interferon alfa (pegyltengt eða hefðbundið). Ennfremur hefur ávinningur af samhliða notkun telbivudins og interferon alfa (pegyltengds eða hefðbundins) ekki verið ákvrðaður. Því má ekki nota telbivudin samhliða pegyltengdu eða hefðbundnu interferon alfa (sjá kafla 4.3).

Nýrnastarfsemi

Vegna þess að brotthvarf telbivudins verður aðallega með útskilningum nýru er mælt með viðeigandi breytingu á tíma milli skammta hjá sjúklingum með úthreinsun kreatínins <50 ml/mín., þ.m.t. hjá sjúklingum í blóðskilun. Ekki hefur verið lagt klínískt mat á árangur af aðlögun tíma milli skammta. Því ætti að fylgjast náið með veirufræðilegri svörun hjá sjúklingum sem nota lyfið með lengra tímabili milli skammta (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Sjúklingar með skorpulifur sem ekki fer versnandi

Vegna þess hve fyrirliggjandi upplýsingar eru takmarkaðar (um það bil 3% sjúklinga sem tóku þátt í rannsókninni voru með skorpulifur) skal nota telbivudin með sérstakri varúð handa sjúklingum með skorpulifur. Meðan á meðferð stendur og eftir að meðferð er hætt skal fylgjast náið með þessum sjúklingum með tilliti til klínískra, líffræðilegra og veirufræðilegra þátta sem tengjast lifrabólgu B.

Sjúklingar með skorpulifur sem fer versnandi

Ekki liggja fyrir neinr fullnægjandi upplýsingar um öryggi og verkun hjá sjúklingum með versnandi skorpulifur.

Sjúklingar sem hafa áður notað núklesíð-/núkleótíðhliðstæður

In vitro var telbivudin ekki virkt gegn HBV stofnum með rtM204V/rtL180M eða rtM204I stökkbreytingar (sjá kafla 5.1). Meðferð með telbivudini einu sér er ekki valmöguleiki fyrir sjúklinga með staðfesta lamivudinónæma lifrabólgu B veirusýkingu. Ólíklegt er að sjúklingar sem ekki hafa áður veirufræðilegri svörun eftir meðferð með lamivudini sem hefur staðið yfir í meira en 24 vikur, hafi ávinning af meðferð með telbivudini einu sér. Sem stendur eru engar klínískar upplýsingar fyrir hendi til að hægt sé að leggja nægjanlegt mat á ávinning og áhættu sem fylgir því að skipta yfir á meðferð með telbivudini hjá sjúklingum sem eru á meðferð með lamivudini og ná fullkominni bælingu á veirunni með lamivudini.

Engar upplýsingar liggja fyrir um meðferð með telbivudini hjá sjúklingum með staðfesta adefovirónæma lifrabólgu B veiru með stakar rtN236T eða A181V stökkbreytingar. Niðurstöður úr frumurannsóknum sýndu að A181V útskiptingin sem tengist ónæmi fyrir adefoviri hafði 1,5- til um það bil 4-falt minna næmi fyrir telbivudini.

Lifrabegar

Öryggi og verkun telbivudins hvað varðar notkun handa lifrabegum, er ekki þekkt.

Aldraðir

Ekki tóku nægilega margir sjúklingar ≥ 65 ára þátt í klínískum rannsóknum á telbivudini til að hægt væri að meta hvort svörun þeirra er frábrugðin því sem gerist hjá þeim sem yngri eru. Vegna hærri tíðni skertrar nýrnastarfsemi, af völdum sjúkdóma eða vegna samhliða notkunar á öðrum lyfjum, skal almennt gæta varúðar þegar Sebivo er ávísað handa öldruðum sjúklingum.

Aðrir sérstakir sjúklingahópar

Sebivo hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með lifrabólgu B sem einnig eru með aðra sýkingar (t.d. sjúklingar sem einnig eru sýktir af alnæmisveiru [HIV], lifrabólgu C veiru [HCV] eða lifrabólgu D veiru [HDV]).

Almennar upplýsingar

Upplýsa skal sjúklinga um að ekki hafi verið sýnt fram á að meðferð með Sebivo dægi úr hættu á að smita aðra af HBV með kynmökum eða blóðblöndun.

Ekki er mælt með notkun telbivudins samhliða lamivudini, því í klínískri rannsókn kom fram minni svörun við samsettri meðferð með telbivudini og lamivudini, en við telbivudini einu sér.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um verkun og öryggi varðandi notkun telbivudins með öðrum veirulyfjum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Vegna þess að brotthvarf telbivudins verður enskum með útskilnaði um nýru getur samhliða notkun Sebivo og annarra lyfja sem hafa áhrif á nýrnastarfsemi (t.d. amínóglýkósíð, kröftug (loop) þvagræsilyf, platínusambönd, vancomycin, sulfametericin B) haft áhrif á plasmáþétti telbivudins og/eða hinna lyfjanna. Gæta skal varúðar við samhliða notkun telbivudins og þessara lyfja. Lyfjahvörf telbivudins við jafnvægi breyttus ekki við endurtekna skammta samhliða lamivudini, adefoviri, dipivoxili, tenofovir disoproxil fumarati, ciclosporini eða pegyltengdu interferon alfa-2a. Að auki hefur telbivudin ekki áhrif á lyfjahvörf lamivudins, adefovir dipivoxils, tenofovir disoproxil fumarats eða ciclosporins. Ekki er mælt unnt að draga neina afgerandi ályktun varðandi áhrif telbivudins á lyfjahvörf pegyltengds interferons vegna þess hve þétti pegyltengds interferon alfa-2a var breytileg milli einstaklinga. Klínísk rannsókn á samhliða notkun telbivudins 600 mg á sólahring og 180 µg af pegyltengdu interferon alfa-2a gefnu einu sinni í viku undir húð, bendir til þess að slík samhliða notkun tengist aðrirni hættu á úttaugakvilla. Ástæða þessa er ekki þekkt (sjá kafla 4.4). Ekki má nota telbivudin samhliða lyfjum sem innihalda interferon alfa (sjá kafla 4.3).

Telbivudin er hvorki hvarfefni cytokrom P450 (CYP450) ensímkerfisins, hemill þess né hvati (sjá kafla 5.2). Því er lítil hættu á CYP450 miðluðum milliverkunum Sebivo við lyf.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Dýrarannsóknir benda ekki til beinna skaðlegra áhrifa á meðgöngu, fósturvísis-/fósturþroska, fæðingu eða þroska eftir fæðingu (sjá kafla 5.3). Rannsóknir á unगाfullum rottum og kaninum sýna að telbivudin fer yfir fylgju. Rannsóknir á unगाfullum kaninum leiddu í ljós ótímabært got og/eða fósturlát vegna eitruverkana á móðurina.

Takmarkaðar klínískar upplýsingar (innan við 300 niðurstöður þungana) eftir útsetningu fyrir telbivudini á fyrsta þriðjungi meðgöngu benda ekki til eiturverkana sem valda vansköpun og mikið magn upplýsinga (fleiri en 1000 niðurstöður þungana) eftir útsetningu á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu benda ekki til eiturverkana á fóstur/nýbura.

Aðeins skal nota Sebivo á meðgöngu ef ávinningur móðurinnar vegur þyngra en áhætta fyrir fóstrið.

Birtar heimildir sýna að útsetning fyrir telbivudini á öðrum og/eða síðasta þriðjungi meðgöngu hefur dregið úr hættu á HBV smiti frá móður til barns ef telbivudin er gefið til viðbótar við lifrabólgu B ímmúnóglóbúlín og lifrabólgu B bóluefni.

Brjóstgjöf

Telbivudin skilst út í mjólk hjá rottum. Ekki er þekkt hvort telbivudin skilst út í brjóstamjólk. Konur mega ekki hafa barn á brjósti á meðan þær nota Sebivo.

Frjósemi

Ekki liggja fyrir neinar klínískar upplýsingar um áhrif telbivudins á frjósemi karla eða kvenna. Í rannsóknum á eiturverkunum á æxlun hjá fullorðnum dýrum var frjósemi lítillega skert þegar bæði karlkyns og kvenkyns rottur fengu telbivudin. Aukaverkanir á frjósemi voru meiri í annarri rannsókn, sem gerð var hjá ungum dýrum, þegar bæði kynin fengu telbivudin (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sebivo hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á upplýsingum um öryggi

Mat á aukaverkunum er að mestu byggt á tveimur rannsóknum, NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015, þar sem 1.699 sjúklingar með langvinna lifrabólgu B fengu tvíblinda meðferð með telbivudini 600 mg/sólarhring (n = 847) eða lamivudini (n = 852) í 104 vikur.

Í klínísku rannsóknunum sem stóð yfir í 104 vikur voru aukaverkanir sem greint var frá yfirleitt flokkaðar sem vægar eða í meðallagi alvarlegar. Algengustu aukaverkanirnar voru 3. eða 4. stigs hækkun kreatínfosfókínasa í blóði (6,8%), þreyta (4,4%), höfuðverkur (3,0%) og ógleði (2,6%).

Aukaverkanir settar fram í töflu

Í töflu 2 eru aukaverkanir flokkaðar samkvæmt MedDRA flokkun eftir líffærakerfi og tíðni, samkvæmt eftirfarandi flokkun: Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 2 Aukaverkanir

Efnaskipti og næring	
Mjög sjaldgæfar*	Mjólkursýrublóðsýring.
Taugakerfi	
Algengar	Sundl, höfuðverkur.
Sjaldgæfar	Úttaugakvilli, breytt bragðskyn, skert snertiskyn, máláðafi, settaugarbólga.
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	
Algengar	Hósti.
Meltingarfæri	
Algengar	Niðurgangur, aukinn lípasi í blóði, óþæg, kviðverkir.
Húð og undirhúð	
Algengar	Útbrot.
Stoðkerfi og stoðvefur	
Sjaldgæfar	Vöðvakvilli/vöðvabólga, kviðverkir, vöðvaverkir, verkir í útlimum, bakverkir, vöðvakvilli, verkir í hálsi, verkir í síðu.
Mjög sjaldgæfar*	Rákvöðvalýsa
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	
Algengar	Breyta
Sjaldgæfar	Lasteiki.
Rannsóknaniðurstöður	
Algengar	Aukinn kreatínfosfokínasi í blóði, aukinn alanínamínótransferasi í blóði, aukinn amýlasi í blóði.
Sjaldgæfar	Aukinn aspartat amínótransferasi.

* Greint var frá þessari aukaverkun eftir markaðssetningu lyfsins en hún kom ekki fram í klínískum samanburðarrannsóknum. Tíðniflokkunin var ákvörðuð út frá tölfræðilegum útreikningum sem byggðust á heildarfjölda sjúklinga sem fengu meðferð með telbivudini í klínískum rannsóknum (n = 8.914).

Lýsing á völdum aukaverkunarum

Hækkun kreatínkínasa

Eftir 10+ vikna meðferð hafði komið fram 3. eða 4. stigs hækkun ($> 7x$ ULN) kreatínkínasa (CK) hjá 12,6% sjúklinga sem fengu meðferð með telbivudini (n = 847) og hjá 4,0% sjúklinga sem fengu meðferð með lamivudini (n = 846) samkvæmt samanlögðum niðurstöðum úr NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015. Í flestum tilvikum var aukning kreatínkínasa án einkenna og gildi kreatínkínasa hófou yfirleitt lækkað þegar kom að næstu heimsókn, við áframhaldandi meðferð.

Skýndihækkun ALT

Tíðni skýndihækkunar alanínámínótransferasa (ALT), í báðum meðferðarhópunum, meðan á meðferð stóð, samkvæmt skilgreiningu AASLD (American Association for the Study of Liver Diseases) (hækkun ALT >2x upphafsgildi og >10x ULN) er tilgreind nánar í töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3 Samantekt á skýndihækkunum ALT meðan á meðferð stóð – Rannsóknir NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015 teknar saman

Skýndihækkun ALT: Hækkun ALT >2x upphafsgildi og >10x ULN	Lamivudin n/N (%)	Telbivudin n/N (%)
Á heildina litið	67/852 (7,9)	41/847 (4,8)
Frá upphafi að 24. viku	25/852 (2,9)	25/847 (3,0)
Frá 24. viku til loka rannsóknarinnar	44/837 (5,3)	17/834 (2,0)

Mælt er með reglulegu eftirliti með lifrarstarfsemi meðan á meðferð stendur (sjá kafla 4.4).

Versnun lifrabólgu B eftir að meðferð hefur verið hætt

Greint hefur verið frá bráðri versnun lifrabólgu B hjá sjúklingum eftir að meðferð við lifrabólgu B, þar með talið með telbivudini, er hætt (sjá kafla 4.4).

Tíðni skýndihækkunar alanínámínótransferasa (ALT) eftir að meðferð lauk, í báðum meðferðarhópunum, er tilgreind nánar í töflu 4 hér á eftir.

Tafla 4 Samantekt á skýndihækkun ALT eftir að meðferð lauk –Rannsóknir NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015 teknar saman

	Lamivudin n/N (%)	Telbivudin n/N (%)
Skýndihækkun ALT	n/N (%)	n/N (%)
Hækkun ALT >2x upphafsgildi og >10x ULN	10/180 (5,6)	9/154 (5,8)

Niðurstöður í 208 viku

Eftir meðferð með telbivudini í 104 vikur voru 78% sjúklinganna (530/680) úr rannsókn NV-02B-007 (GLOBE) og 82% (137/167) sjúklinganna úr rannsókn NV-02B-015 skráðir í framhaldsrannsóknina CLDT600A2303 (sjá kafla 5.1) til að halda meðferð áfram í allt að 208 vikur. Langtímaöryggishópurinn samanstóð af 635 sjúklingum, þar með talið 518 úr NV-02B-007 (GLOBE) og 137 úr NV-02B-015. Heildaöryggi úr samanteknum greiningum fram að 104 og 208 viku var sambærilegt. 3. eða 4. stigs hækkanir kreatínínasa kom fram að nýju hjá 15,9% sjúklinga sem fengu meðferð með telbivudini í 208 vikur. Flestar 3. eða 4. stigs hækkanir kreatínínasa voru einkennalausar og tímabundnar.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um viljandi ofskömmun með telbivudini, en einum einstaklingi var fyrir slysi gefinn of stór skammtur, án þess að einkenni kæmu fram. Skammtar sem hafa verið rannsakaðir, allt að 1.800 mg/sólarhring, sem er þrefaldur ráðlagður sólarhringsskammtur, hafa þólast vel. Hámarksskammtur sem þolist hefur ekki verið ákvarðaður. Eigi ofskömmun sér stað skal hætta notkun Sebivo og veita viðeigandi almenna stuðningsmeðferð eftir þörfum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Veirusýkingalyf til almennrar verkunar, núkleósíða og núkleótíða bakriðahemlar, ATC-flokkur: J05AF11.

Verkunarháttur

Telbivudin er samtengd tymidinnúkleósíðhliðstæða sem er virk gegn HBV DNA pólýmerasa. Fyrir tilstilli kína innanfrumna fosfórtengist lyfið nægilega mikið til að mynda virkt þrífosfat, sem hefur helmingunartímann 14 klst. í frumunum. Telbivudin-5'-þrífosfat hamlar HBV DNA pólýmerasa (reverse transcriptasi) með samkeppni við náttúrulega hvarfefnið tymidin-5'-þrífosfat. Innlimun telbivudin-5'-þrífosfats í veiru DNA veldur stöðvun (termination) af DNA keðju, sem leiðir til hömlunar á afritun HBV.

Lyfhrif

Telbivudin hamlar eftirmyndun á bæði fyrri þætti ($EC_{50} = 0,4-1,3 \mu M$) og seinni þætti ($EC_{50} = 0,12-0,24 \mu M$) HBV og hamlar greinilega frekar eftirmyndun seinni þáttarins en hins fyrri. Á hinn bóginn hamlaði telbivudin-5'-þrífosfat, í þéttum allt að $100 \mu M$, ekki α , β , eða γ DNA pólýmerasa í frumum. Í rannsóknum á byggingu, starfsemi og DNA innihaldi hvatbera, hafði telbivudin ekki umtalsverðar eiturverkanir við þéttu allt að $100 \mu M$ og jók ekki mjólkursýrumyndun *in vitro*.

Veirueyðandi verkun telbivudins *in vivo* var metin í lifraræxlisfrumulínu 2.2.15 úr mönnum, sem tjáir HBV. Sú þéttu telbivudins sem með virkum hætti hamlaði veirumyndun um 50% (EC_{50}) var u.þ.b. $0,2 \mu M$. Veirueyðandi verkun telbivudins er sértæk fyrir lifrabólgu B veiruna og skyldar hepadnaveirur. Telbivudin var ekki virkt gegn HIV *in vitro*. Ekki hefur verið lagt mat á skort telbivudins á virkni gegn HIV í klínískum rannsóknum. Greint hefur verið frá tímabundinni minnkun á HIV-1 RNA hjá fátínum sjúklingum eftir gjöf telbivudins þegar ekki var gefin andretróveirumeðferð. Klínískt mikilvægi þessarar minnkunar hefur ekki verið ákvarðað.

Klínísk reynsla

Lagt var mat á öryggi og verkun langtímameðferðar (104 vikur) með Sebivo í tveimur klínískum samantvöðarrannsóknum með virku efni, sem 1.699 sjúklingar með langvinna lifrabólgu B tóku þátt í (NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015).

Rannsókn NV-02B-007 (GLOBE)

NV-02B-007 (GLOBE) rannsóknin er slembuð, tvíblind, fjölþjóðleg III. stigs rannsókn þar sem telbivudin er borið saman við lamivudin, í 104 vikna meðferð hjá 1.367 sjúklingum með langvinna HBeAg-jákvæða eða HBeAg-neikvæða lifrabólgu B sem ekki höfðu áður fengið meðferð með nukleósíðum. Flestir sjúklinganna, sem þátt tóku í rannsókninni, voru af asíska kynstofninum. Algengasta HBV arfgerðin var B (26%) og C (51%). Nokkrir (alls 98) sjúklingar af hvíta kynstofninum fengu meðferð með telbivudini. Frumgreining upplýsinga fór fram þegar allir sjúklingarnir höfðu náð 52 vikna meðferð.

HBeAg-jákvæðir sjúklingar: Meðalaldur sjúklinganna var 32 ár, 74% voru karlar, 82% af asíska kynstofninum, 12% af hvíta kynstofninum og 6% höfðu áður fengið meðferð með alfa-interferoni.

HBeAg-neikvæðir sjúklingar: Meðalaldur sjúklinganna var 43 ár, 79% voru karlar, 65% af asíska kynstofninum, 23% af hvíta kynstofninum og 11% höfðu áður fengið meðferð með alfa-interferoni.

Klínískar niðurstöður í viku 52

Klínískir og veirufræðilegir endapunktur verkunar voru metnir hjá hvorum hópnum kynsins, þ.e. hjá HBeAg-jákvæða og HBeAg-neikvæða sjúklingaþýðinu. Fyrsti endapunktur meðferðarsvörunar var samsettur úr ónæmisfræðilegum endapunkti þ.e. bæling á HBV DNA í $<5 \log_{10}$ eintök/ml auk þess sem annaðhvort þurfti HBeAg að hverfa úr sermi eða gildi ALT að verða eðlilegt. Aðrir (secondary) endapunktur voru vefjafræðileg svörun, endurheimt eðlilegs gildis ALT og ýmsar mælingar á veiru-eyðandi verkun.

Óháð upphaflegu ástandi sýndu flestir sjúklingar sem fengu Sebivo vefjafræðilega, veirufræðilega, lífefnafræðilega og ónæmisfræðilega svörun við meðferðinni. Gildi ALT sem í upphafi voru $>2x$ ULN og gildi HBV DNA sem í upphafi voru $<9 \log_{10}$ eintök/ml sýndust hærra hlutfalli mótefnavendingar gegn HBeAg hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum. Sjúklingar sem í 24. viku höfðu náð HBV DNA þéttni $<3 \log_{10}$ eintök/ml svöruðu meðferð best. Hjá sjúklingum með HBV DNA þéttni $>4 \log_{10}$ eintök/ml í 24. viku var útkoman hinsvegar óhagstæðari eftir 52 vikna meðferð.

Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum hafði telbivudin yfirburði á lamivudin hvað varðar meðferðarsvörun (75,3% samanborið við 67,0% sem svöruðu meðferð; $p = 0,0047$). Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum gaf telbivudin ekki betri svörun en lamivudin (75,2% og 77,2% sem svöruðu meðferð; $p = 0,6187$). Hjá sjúklingum af hvíta kynstofninum kom fram lakari svörun við báðum veirulyfjunum sem voru notuð í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni. Hinsvegar tóku mjög fáir sjúklingar af hvíta kynstofninum þátt í rannsókninni ($n = 98$).

Í viku 24 var þéttni HBV DNA ekki lengur greinanleg hjá 203 HBeAg-jákvæðum og hjá 177 HBeAg-neikvæðum sjúklingum. Átt HBeAg-jákvæðu sjúklingunum var HBV DNA ekki lengur greinanlegt hjá 95%, hjá 39% kom fram mótefnavending gegn HBeAg, 90% endurheimtu eðlilegt gildi ALT eftir viku 52 og hjá 65% kom fram ónæmi í viku 48. Hjá HBeAg-neikvæðu sjúklingunum var HBV DNA ekki lengur greinanleg hjá 96%, 79% endurheimtu eðlilegt gildi ALT eftir viku 52 og hjá 0% kom fram ónæmi í viku 48.

Veirufræðilegar, lífefnafræðilegar og ónæmisfræðilegrar niðurstöður eru tilgreindar í töflu 5 og vefjafræðileg svörun í töflu 6.

Tafla 5 Veirufræðilegir, lífefnafræðilegir og ónæmisfræðilegir endapunktur eftir viku 52 í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni

Svörunarbreyta	HBeAg-jákvæðir (n = 921)		HBeAg-neikvæðir (n = 446)	
	Telbivudin 600 mg (n = 458)	Lamivudin 100 mg (n = 463)	Telbivudin 600 mg (n = 222)	Lamivudin 100 mg (n = 224)
Meðaltal HBV DNA lækkunar miðað við upphafsgildi (\log_{10} eintök/ml) \pm SEM ^{1,2,3}	-6,45 (0,11)*	-5,54 (0,11)	-5,23 (0,13)*	-4,40 (0,13)
% sjúklinga með ógreinanlegt HBV DNA samkvæmt kjarnsýrumögnun (PCR)	60%*	40%	88%*	71%
Endurheimt eðlilegs gildis ALT ⁴	77%	75%	74%	79%
HBeAg mótefnasvör ⁴	23%	22%	-	-
Hvarf HBeAg ⁵	26%	23%	-	-

¹ SEM: Staðalskekkja meðaltals (standard error of mean).

² Roche COBAS Amplicor® PCR mæling (neðri næmismörk \leq 300 eintök/ml).

³ HBeAg-jákvæðir n = 443 og 444, HBeAg-neikvæðir n = 219 og 219, fyrir bæði telbivudin og lamivudin hópana, tilgreint í sömu röð. Þýðismismunur er vegna þess að sjúklingar hættu háttu í rannsókninni eða að ekki lá fyrir mat á HBV DNA eftir 52. viku.

⁴ HBeAg-jákvæðir n = 440 og 446, HBeAg-neikvæðir n = 203 og 207, fyrir telbivudin og lamivudin hópana, tilgreint í sömu röð. Endurheimt eðlilegs gildis ALT var einungis metin hjá sjúklingum sem í upphafi rannsóknar voru með ALT > ULN.

⁵ n = 432 og 442, fyrir telbivudin og lamivudin hópana, tilgreint í sömu röð. HBeAg mótefnasvör og hvarf, var einungis metið hjá sjúklingum sem í upphafi rannsóknar voru með greinanlegt HBeAg.

* p < 0,0001

Tafla 6 Vefjafraeðilegur ávinningur og breyting á Ishak trefjunarskori eftir viku 52 í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni

	HBeAg-jákvæðir (n = 921)		HBeAg-neikvæðir (n = 446)	
	Telbivudin 600 mg (n = 384) ¹	Lamivudin 100 mg (n = 386) ¹	Telbivudin 600 mg (n = 199) ¹	Lamivudin 100 mg (n = 207) ¹
Vefjafraeðileg svörun²				
Ávinningur	71%*	61%	71%	70%
Enginn ávinningur	17%	24%	21%	24%
Ishak trefjunarskor³				
Ávinningur	42%	47%	49%	45%
Enginn ávinningur	39%	32%	34%	43%
Versnan	8%	7%	9%	5%
Vefjasýni frá viku 52 ekki fyrirleggjandi	12%	15%	9%	7%

¹ Sjúklingar sem fengu \geq einn skammt af rannsóknarlyfinu, fyrirleggjandi lifrarsýni frá því í upphafi meðferðar sem þátt var að leggja mat á og Knodell HAI (histological activity index) skor sem í upphafi meðferðar var $>$ 3.

² Vefjafraeðileg svörun skilgreind sem \geq 2 stiga minnkun á Knodell dreþbóluskori, miðað við upphaflegt gildi án nokkurrar versunar á Knodell trefjunarskori.

³ Hvað varðar Ishak trefjunarskor, var ávinningur metinn sem \geq 1 stigs minnkun á Ishak trefjunarskori, frá upphaflegu gildi til gildis í viku 52.

* p = 0,0024

Klínískar niðurstöður í viku 104

Á heildina lítið voru klínískar niðurstöður í viku 104, hjá sjúklingum sem fengu meðferð með telbivudini, í samræmi við niðurstöðurnar í viku 52 og sýndu að virknisvörðun hjá sjúklingum sem fengu meðferð með telbivudini hélst við áframhaldandi meðferð.

Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum var aukinn munur milli telbivudins og lamivudins í viku 104 á meðferðarsvörðun (63% samanborið við 48%; $p < 0,0001$) og öðrum grundvallar (key secondary) endapunktum (meðaltal \log_{10} lækkunar HBV DNA: -5,74 samanborið við -4,42; $p < 0,0001$, HBV DNA ógreinanlegt: 56% samanborið við 39%; $p < 0,0001$ og endurheimt eðlilegs gildis ALT sem var 70% í stað 62%). Einnig kom fram tilhneiging til aukins hlutfalls HBeAg hvarfs (35% samanborið við 29%) og mótefnavendingar (30% samanborið við 25%) hjá þeim sem fengu telbivudin. Ennfremur náði marktækt herra hlutfall sjúklinga sem fékk meðferð með telbivudini en sjúklinga sem fékk meðferð með lamivudini, HBeAg mótefnavendingu í viku 104 (36% samanborið við 28%, tilgreint í sömu röð), í undirhópi sjúklinga með upphafsgildi ALT $>2 \times$ ULN (320).

Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum var meiri munur á meðferðarsvörðun (78% samanborið við 66%) og öðrum grundvallar (key secondary) endapunktum (meðal \log_{10} minnkun HBV DNA: -5,00 samanborið við -4,17 og HBV DNA ógreinanlegt: 82% samanborið við 57%; $p < 0,0001$) hjá þeim sem fengu telbivudin allt til viku 104. Hlutfall endurheimts eðlilegs gildis ALT (70% samanborið við 70%) var áfram herra í viku 104.

Forspárgildi í viku 24

Í viku 24, náðu 203 HBeAg-jákvæðir (44%) og 177 HBeAg-neikvæðir (80%) einstaklingar sem fengu meðferð með telbivudini, því að vera með ógreinanlega þéttni HBV DNA.

Fyrir bæði HBeAg-jákvæða og HBeAg-neikvæða sjúklinga reyndust niðurstöður HBV DNA í viku 24 spá fyrir um jákvæðar niðurstöður til langs tíma. Sjúklingar sem fengu meðferð með telbivudini, og voru með ógreinanlega þéttni HBV DNA samkvæmt PCR mælingu í viku 24 voru með hæsta hlutfall ógreinanlegs HBV DNA og HBeAg mótefnavendingu (meðal HBeAg-jákvæðra sjúklinga) og í heildina lægsta hlutfall veirugegnumbrots (virological breakthrough) í viku 104.

Niðurstöðurnar í viku 104, byggðar á þéttni HBV DNA í viku 24, hjá HBeAg-jákvæðum og HBeAg-neikvæðum sjúklingum eru tilgreindar í töflu 7.

Tafla 7 Grundvallarendapunktur m.t.t. virkni í viku 104 samkvæmt þéttni HBV DNA í sermi í viku 24 hjá sjúklingum sem fengu meðferð með telbivudini í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni

HBV DNA í viku 24	Niðurstöður grundvallarendapunkta í viku 104 byggðar á niðurstöðum í viku 24				
	Meðferðar-svörun n/N (%)	HBV DNA ógreinanlegt n/N (%)	HBeAg mótefnavending n/N (%)	Endurheimt eðlilegs gildis ALT n/N (%)	Veirugegnumbrot (virological breakthrough) n/N (%)
HBeAg-jákvæðir					
<300 eintök/ml	172/203 (85)	166/203 (82)	84/183 (46)	160/194 (82)	22/203 (11)
300 eintök/ml til <3 log ₁₀ eintök/ml	36/57 (63)	35/57 (61)	21/54 (39)	40/54 (74)	18/57 (32)
≥3 log ₁₀ eintök/ml	82/190 (43)	54/190 (28)	23/188 (12)	106/184 (58)	90/190 (47)
HBeAg-neikvæðir					
<300 eintök/ml	146/177 (82)	156/177 (88)	N/A	51/155 (82)	11/177 (6)
300 eintök/ml til <3 log ₁₀ eintök/ml	13/18 (72)	14/18 (78)	N/A	13/17 (76)	4/18 (22)
≥3 log ₁₀ eintök/ml	13/26 (50)	12/26 (46)	N/A	14/26 (54)	12/26 (46)

N/A = Á ekki við

* Veirugegnumbrot (virological breakthrough): „1 log fyrir ofan lágsta gildi“ skilgreining metin í viku 104

Rannsókn NV-02B-015

Niðurstöður NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninnar hvar varðar virkni og öryggi voru staðfestar í NV-02B-015. Sú rannsókn er III. stigs, slémbúð, tvíblind rannsókn þar sem telbivudin 600 mg einu sinni á sólarhring er borið saman við lanivudin 100 mg einu sinni á sólarhring í 104 vikna meðferð hjá 332 kínverskum sjúklingum með langvinnna HBeAg-jákvæða eða HBeAg-neikvæða lifrabólgu B, sem ekki höfðu áður fengið meðferð með nukleosíðum.

Rannsókn CLDT600A2303 – Klínískar niðurstöður í 208 vikur

Rannsókn CLDT600A2303 var opin 104 vikna framhaldsrannsókn hjá sjúklingum með langvinna lifrabólgu B, sem ekki fer versnandi, sem höfðu fengið meðferð með telbivudini í 2 ár, þar með talið sjúklingum úr rannsóknum NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015. Rannsóknin veitti upplýsingar um verkun og öryggi eftir samfellda meðferð með telbivudini í 156 og 208 vikur. Hjá sjúklingum með ógreinanlegt HBV DNA í viku 24 var útkoman betri í viku 156 og viku 208 (tafla 8).

Tafla 8 Virknigreining á samanteknum niðurstöðum úr NV-02B-007 (GLOBE), NV-02B-015 og CLDT600A2303 rannsóknunum

	Vika 52	Vika 104	Vika 156	Vika 208
HBsAg-jákvæðir sjúklingar (n = 293*)				
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml)	70,3% (206/293)	77,3% (218/282)	75,0% (198/264)	70,9% (153/214)
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml) ásamt því að HBV DNA er ógreinanlegt í viku 24	99,4% (161/162)	94,9% (150/158)	86,7% (130/150)	87,9% (109/124)
Samanlagt hlutfall mótefnavendingar HBsAg (%)	27,6% (81/293)	41,6% (122/293)	48,5% (142/293)	53,2% (156/293)
Samanlagt hlutfall mótefnavendingar HBsAg hjá sjúklingum með ógreinanlegt HBV DNA í viku 24 (%)	40,1% (65/162)	52,5% (81/153)	59,3% (96/162)	65,4% (106/162)
Eðlilegu gildi ALT viðhaldið	81,4% (228/280)	81,5% (237/271)	82,9% (209/252)	86,4% (178/106)
HBsAg-neikvæðir sjúklingar (n = 209*)				
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml)	95,7% (199/209)	96,5% (195/202)	84,7% (160/189)	86,0% (141/164)
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml) ásamt því að HBV DNA er ógreinanlegt í viku 24	97,6% (175/179)	96,5% (166/172)	86,7% (143/165)	87,5% (126/144)
Eðlilegu gildi ALT viðhaldið	80,3% (151/188)	89,0% (161/181)	83,5% (142/170)	89,6% (129/144)

* Hópurinn sem var án ónæmis gegn veirum þegar rannsókn CLDT600A2303 hófst samanstóð af 502 sjúklingum (293 HBsAg-jákvæðum og 209 HBsAg-neikvæðum).

Rannsókn CLDT600A2303 – Áhrif meðferðar á vefjafræði lifrar

Í rannsókn CLDT600A2303 voru 57 sjúklingar með tiltæk þöruð vefjasýni úr lifur, sem tekin voru í upphafi og eftir meðferð í að meðaltali 260,8 vikur, metnir með tilliti til breytinga á vefjafræði lifrar (38 HBsAg-jákvæðir og 19 HBsAg-neikvæðir sjúklingar).

- Lækkun varð á meðalgildi Knodell bólgudrepsgildis sem var 7,6 (staðalfrávik 2,9) í upphafi ($p < 0,0001$), en varð 1,4 (staðalfrávik 0,9) og var meðalbreytingin -6,3 (staðalfrávik 2,8). Knodell bólgudrepsgildi ≤ 3 (bólgudrep ekkert eða í lágmarki) kom fram hjá 98,2% (56/57) sjúklinga.

- Lækkun varð á meðalgildi Ishak gildis sem var 2,2 (staðalfrávik 1,1) í upphafi ($p < 0,0001$), en varð 0,9 (staðalfrávik 1,0) og var meðalbreytingin -1,3 (staðalfrávik 1,3). Ishak bandvefsmýndunargildi ≤ 1 (bandvefsmýndun engin eða í lágmarki) kom fram hjá 84,2% (48/57) sjúklinga.

Breytingar á Knodell bólgudrepsgildi og Ishak gildi voru sambærilegar hjá HBsAg-jákvæðum og HBsAg-neikvæðum sjúklingum.

CLDT600A2303 – Ending HBeAg svörunar eftir að meðferð er hætt

HBeAg-jákvæðir sjúklingar úr rannsóknum NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015 tóku þátt í rannsókn CLDT600A2303 þar sem sjúklingunum var fylgt eftir þegar þeir voru hættir á meðferð. Þessir sjúklingar höfðu lokið ≥ 52 vikna meðferð með telbivudini og höfðu sýnt hvarf HBeAg í ≥ 24 vikur og var HBV DNA $< 5 \log_{10}$ eintök/ml í síðustu heimsókn meðan þeir voru á meðferð. Miðgildi meðferðarlengdar var 104 vikur. Eftir eftirfylgnitímabil án meðferðar, miðgildi tímalengdar eftirfylgni var 120 vikur, sýndi meirihluti HBeAg-jákvæðra sjúklinga sem höfðu fengið meðferð með telbivudini viðvarandi hvarf HBeAg (83,3%; 25/30) og viðvarandi HBeAg mótefnavendingu (79,2%; 19/24). Sjúklingar með viðvarandi HBeAg mótefnavendingu höfðu að meðaltali HBV DNA $3,3 \log_{10}$ eintök/ml; og 73,7% höfðu HBV DNA $< 4 \log_{10}$ eintök/ml.

Klínískt ónæmi

Prófun á arfgerðarbundnu ónæmi var gerð í rannsókn NV-02B-007 (GLOBE; n = 680) hjá sjúklingum með veirufræðilega versnun (staðfesta aukningu á HBV DNA um $\geq 1 \log_{10}$ eintök/ml frá lögta gildi).

Í viku 48 voru 5% (23/458) HBeAg-jákvæðra og 2% (5/222) HBeAg-neikvæðra sjúklinga með veirufræðilega versnun með greinanlegum stökkbreytingum sem ollu HBV ónæmi.

Rannsóknir NV-02B-007 (GLOBE) og CLDT600A2303 – heildarhlutfall arfgerðarbundins ónæmis

Upprunalega greiningin á heildarhlutfalli arfgerðarbundins ónæmis í viku 104 og viku 208 byggðist á ITT hópnum og tók til allra sjúklinga sem héldu meðferð áfram í 4 ár, óháð magni HBV DNA. Af þeim 680 sjúklingum sem fengu telbivudin og tóku þátt í lykilrannsókninni NV-02B-007 (GLOBE), voru 517 (76%) teknir inn í rannsókn CLDT600A2303 og fengu áfram haldandi meðferð með telbivudini í allt að 208 vikur. Af þessum 517 sjúklingum voru 139 sjúklingar (HBeAg-jákvæðir=135, HBeAg-neikvæðir=24) með greinanlegt HBV DNA.

Heildararfgerðarhlutfall í viku 104, var 25,1% (115/458) hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum og 10,8% (24/222) hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum.

Hjá ITT hópnum í heild er heildarhlutfall ónæmis á 4. ári 40,8% (131/321) hjá HBeAg-jákvæðum og 18,9% (37/196) hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum.

Heildarhlutfall arfgerðarbundins ónæmis var einnig metið með því að nota stærðfræðilíkan þar sem einungis sjúklingar með ógreinanlegt HBV DNA í upphafi viðkomandi árs eru teknir inn í matið. Heildarhlutfall ónæmis á 4. ári var 22,3% hjá HBeAg-jákvæðum og 16,0% hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum í þessari greiningu.

Þegar skoðaðir eru sjúklingar með veirugegnumbrot (viral breakthrough) eftir 104 vikur í NV-02B-007 (GLOBE), er tíðni ónæmis lægri hjá sjúklingum með HBV DNA < 300 eintök/ml í viku 24 en hjá sjúklingum með HBV DNA ≥ 300 eintök/ml í viku 24. Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum með HBV DNA < 300 eintök/ml í viku 24 var ónæmi 1% (3/203) í viku 48 og 9% (18/203) í viku 104, en hjá sjúklingum með HBV DNA ≥ 300 eintök/ml í viku 24 var ónæmi 8% (20/247) í viku 48 og 33% (97/247) í viku 104. Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum með HBV DNA < 300 eintök/ml í viku 24 var ónæmi 0% (0/177) í viku 48 og 5% (9/177) í viku 104, en hjá sjúklingum með HBV DNA ≥ 300 eintök/ml var ónæmi 11% (5/44) í viku 48 og 34% (15/44) í viku 104).

Arfgerðarbundnar stökkbreytingar og krossónæmi

Arfgerðargreining á 203 greinanlegum úrtakspörum með HBV DNA ≥ 1.000 eintök/ml í viku 104 (NV-02B-007 (GLOBE)) sýndi að sú stökkbreyting sem helst tengdist ónæmi fyrir telbivudini var rtM204I, en hún tengdist oft stökkbreytingunum rtL108M og rtL801/V og sjaldan rtV27A, rtL82M, rtV173L, rtT184I og rtA200V. Upphafspættir sem tengdust myndun á arfgerðarónæmi voru: meðferð með lamivudini, aukið HBV DNA í upphafi, minna magn ALT í sermi í upphafi og aukin líkamsþyngd/BMI. Svörunarbreytur í 24. viku meðferðarinnar sem spáðu fyrir um uppkomu lyfjaónæmrar veiru í 104. viku voru HBV DNA > 300 eintök/ml og hækkun á ALT í sermi.

Arfgerðargreining á 50 HBV stofnum frá sjúklingum á meðferð með telbivudini í viku 208 (CLDT600A2303) leiddi í ljós svipaða ónæmismynd og greint var frá í 104. viku. Vending í stöðum 80, 180 og fjölbrigðastöðum 91, 229 kom alltaf fram í röðum með M204I stökkbreytinguna sem veldur arfgerðarbundnu ónæmi. Þessar stökkbreytingar eru líklegast uppbótarstökkbreytingar. Greint var frá einni einangraðri rtM204V stökkbreytingu og tveimur rtM204I/V/M stökkbreytingum hjá sjúklingum á meðferð með telbivudini með veirugegnubrot fyrir viku 208. Ekki var greint frá neinni nýrri stökkbreytingu.

Krossónæmi hefur komið fram meðal HBV nukleósíðhliðstæðna (sjá kafla 4.4). Í frumurannsóknum höfðu lamivudinónæmir HBV stofnar, með annaðhvort rtM204I stökkbreytingu eða tvöföldu rtL180M/rtM204V stökkbreytinguna ≥ 1.000 -falt minna næmi fyrir telbivudini. HBV sem kóðar rtN236T eða rtA181V útskiptinguna, sem tengist ónæmi fyrir adefoviri, var með um það bil 0,3- og 4-falda breytingu á næmi fyrir telbivudini í frumurækt, tilgreint í sömu röð (sjá kafla 4.4).

5.2 Lyfjahlvörf

Lyfjahlvörf telbivudins eftir staka og endurtekna skammta voru metin hjá heilbrigðum einstaklingum og hjá sjúklingum með langvinna lifrabólgu B. Ekki var lagt mat á lyfjahlvörf telbivudins, í ráðlagða 600 mg skammtinum, hjá sjúklingum með langvinna lifrabólgu B. Hinsvegar eru lyfjahlvörf telbivudins svipuð hjá báðum hópunum.

Frásög

Eftir að heilbrigðir einstaklingar ($n = 42$) tóku inn stakan 600 mg skammt af telbivudini var hámarksþéttni telbivudins í plasma (C_{max}) $3,2 \pm 1,1$ $\mu\text{g/ml}$ (meðaltal \pm SD) og miðgildi þess tíma sem leið þar til þéttin náðist var 3,0 klst. eftir inntöku. Flatarmál undir plasmáþéttni-tímaferli ($AUC_{0-\infty}$) var $28,0 \pm 8,5$ $\mu\text{g}\cdot\text{klst./ml}$ (meðaltal \pm SD). Breytileiki milli einstaklinga (CV%) í mælingum á almennri (systemic) útsetningu (C_{max} , AUC) var yfirleitt um það bil 30%.

Áhrif fæðu á frásög eftir inntöku

Þegar gefinn var stakur 600 mg skammtur með mat komu ekki fram nein áhrif á frásög og útsetningu fyrir telbivudini.

Dreifing

Binding telbivudins *in vitro* við plasmaprótein í mönnum er óveruleg (3,3%).

Umbrot

Eftir gjöf ^{14}C -telbivudins handa mönnum greindust engin umbrotsefni telbivudins. Telbivudin er hvorki hvarfefni né hvati cytokrom P450 (CYP450) ensímkerfisins.

Brotthvari

Eftir að hámarksþéttin náðist féll plasmáþéttin telbivudins í tveggja þrepa veldisfalli og loka-ferningunartími brotthvarfs ($t_{1/2}$) var $41,8 \pm 11,8$ klst. Brotthvarf telbivudins verður einkum með útskilnaði óbreytts telbivudins í þvagi. Nýrnaúthreinsun telbivudins er nálægt eðlilegum hraða auklasíunar, sem bendir til að síun sé helsta útskilnaðarleiðin. Um það bil 42% af stökum 600 mg skammti telbivudins endurheimtast á 7 dögum í þvagi. Vegna þess að útskilnaður um nýru er helsta brotthvarfsleiðin þarf að aðlaga tímabil milli skammta hjá sjúklingum með í meðallagi til alvarlega skerta nýrnastarfsemi og hjá þeim sem eru í blóðskilun (sjá kafla 4.2).

Línulegt/ólínulegt samband

Lyfjahlvörf telbivudins eru í réttu hlutfalli við skammta á bilinu 25 til 1.800 mg. Jafnvægi náðist eftir 5 til 7 daga þegar lyfið var gefið einu sinni á dag og uppsöfnun almennrar útsetningar var u.þ.b. 1,5-föld, sem bendir til þess að raunverulegur helmingunartími uppsöfnunar sé u.þ.b. 15 klst. Eftir notkun 600 mg skammts af telbivudini einu sinni á dag var lægsta plasmabéttni við jafnvægi u.þ.b. 0,2-0,3 µg/ml.

Sérstakir sjúklingahópar

Kyn

Enginn marktækur kynbundinn munur er á lyfjahlvörfum telbivudins.

Kynþáttur

Enginn marktækur kynþáttabundinn munur er á lyfjahlvörfum telbivudins.

Börn og aldraðir (65 ára og eldri)

Ekki hafa farið fram rannsóknir á lyfjahlvörfum hjá börnum og öldruðum.

Skert nýrnastarfsemi

Lagt hefur verið mat á lyfjahlvörf telbivudins eftir stakan skammt (200, 400 og 600 mg) hjá sjúklingum (sem ekki eru með langvinna lifrabólgu B) með mismikið skerta nýrnastarfsemi (metið samkvæmt úthreinsun kreatínins). Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í tafla 9 er mælt með breytingu á tíma milli skammta telbivudins hjá sjúklingum með úthreinsun kreatínins < 30 ml/mín. (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Tafla 9 Lyfjahlvarfagildi (meðaltal ± SD) telbivudins hjá einstaklingum með mismikið skerta nýrnastarfsemi

	Nýrnastarfsemi (úthreinsun kreatínins í ml/mín.)				
	Eðlileg (>80) (n = 6) 600 mg	Væg skerðing (50-80) (n = 8) 600 mg	Í meðallagi mikil skerðing (30-49) (n = 8) 400 mg	Alvarleg skerðing (<30) (n = 6) 200 mg	Nýrnasjúkdómur á lokastigi/blóðskilun (n = 6) 200 mg
C _{max} (µg/ml)	3,4 ± 0,9	3,2 ± 0,9	2,8 ± 1,3	1,6 ± 0,8	2,1 ± 0,9
AUC _{0-∞} (µg·klst./ml)	28,5 ± 9,6	32,5 ± 10,1	36,0 ± 13,2	32,5 ± 13,2	67,4 ± 36,9
CL _{RENAL} (ml/mín.)	126,7 ± 48,3	83,3 ± 20,0	43,3 ± 20,0	11,7 ± 6,7	-

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi sem eru í blóðskilun

Blóðskilun (í allt að 4 klst.) dregur úr útsetningu fyrir telbivudini um u.þ.b. 23%. Eftir að tímabil milli skammta hefur verið aðlagð með tilliti til úthreinsunar kreatínins er ekki þörf fyrir frekari skammtabreytingu í tengslum við venjulega blóðskilun (sjá kafla 4.2). Gefa á telbivudin að blóðskilun lokinni.

Skert lifrarstarfsemi

Lagt hefur verið mat á lyfjahlvörf telbivudins hjá sjúklingum (sem ekki eru með langvinna lifrabólgu B) með mismikið skerta lifrarstarfsemi og hjá nokkrum sjúklingum með vantempraðan (decompensated) lifrarsjúkdóm. Enginn marktækur munur var á lyfjahlvörfum telbivudins hjá þeim sem eru með skerta lifrarstarfsemi og þeim sem eru ekki með skerta lifrarstarfsemi. Niðurstöður þessara rannsókna gefa til kynna að engar skammtaáðlögunar sé þörf hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.2).

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, eiturverkunum eftir endurtekna skammta og eiturverkunum á erfðaeefni. Þess varð ekki vart að telbivudin hefði nokkra krabbameinsvaldandi eiginleika. Í hefðbundnum rannsóknum á eiturverkunum á æxlun komu ekki fram neinar vísbendingar um beinar eiturverkanir telbivudins. Þegar kanínum voru gefnir skammtar telbivudins sem leiða til 37 sinnum meiri útsetningar en þeirrar sem kemur fram hjá mönnum eftir ráðlagðan skammt (600 mg) tengdist slíkt auknu fósturláti og ótímabæru goti. Þessi áhrif voru talin stafa af eiturverkunum á móðurina.

Frjósemi var metin í hefðbundnum rannsóknum sem gerðar voru hjá fullorðnum rottum og sem hluti af rannsókn á eiturverkunum hjá ungum dýrum.

Hjá fullorðnum rottum minnkaði frjósemi þegar bæði karlkyns og kvenkyns rottur fengu meðferð með telbivudini í skömmtum sem voru 500 eða 1000 mg/kg/sólarhring (frjósemisstuðull var lagður samkvæmt samhliða samanburði). Enginn afbrigðileiki kom fram hvað varðar formgerð eða virkni sæðis og óverulegar vefjafræðilegar breytingar komu fram í eistum og eggjastokkum.

Engar vísbendingar um minni frjósemi komu fram í öðrum rannsóknum þegar um söðuvort karlkyns eða kvenkyns rottur fengu meðferð með skömmtum sem námu allt að 2000 mg/kg/sólarhring og þær mökuðust við rottur sem ekki höfðu fengið meðferð (almenn útsetning frá kyninu var um það bil 6-14 falt meiri en útsetning hjá mönnum).

Í rannsóknum á eiturverkunum hjá ungum dýrum fengu rottur meðferð frá 14. degi til 70. dags eftir fæðingu og voru þær makaðar við rottur sem fengið höfðu söðuvort meðferð (systkini voru ekki mökuð saman). Frjósemi minnkaði hjá þörum sem fengu ≥ 1000 mg/kg/sólarhring samkvæmt lækun á frjósemis- og mökunarstuðlum og lækkaðri getnaðartíðni. Hins vegar hafði þetta ekki áhrif á mæligildi fyrir eggjastokka og leg hjá þeim kvenkyns rottum þar sem mökun var árangursrík.

NOAEL (no observed adverse effect level) var 250 mg/kg/sólarhring, hvað varðar áhrif á frjósemi og mökunarstuðla, en þar var útsetning 2,5 til 2,8 falt meiri en útsetning hjá mönnum með eðlilega nýrnastarfsemi við ráðlagða skammta.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Töflukjarni

Örkristölluð selúlósa
Povidon
Natríumstíkjuglykólat
Vatnsfrjósniðvoða
Magnesíumsterat

Filmuhúð

Títantvíoxíð (E171)
Makrogol
Talkúm
Hýprómellósa

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

6.5 Gerð fláts og innihald

PVC/álþynnur.

Pakkningarstærðir: 28 eða 98 filmuhúðaðar töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Engin sérstök fyrirmæli um förgun.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novartis Europharm Limited
Frimley Business Park
Camberley GU16 7SR
Bretland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/388/001
EU/1/07/388/002

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 24. apríl 2007
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 16. desember 2016

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

7. Lauslegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

1. HEITI LYFS

Sebivo 20 mg/ml mixtúra, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

Einn ml inniheldur telbivudín 20 mg.

Hjálparefni með þekkta verkun: 600 mg skammtur (30 ml) af mixtúru, lausn inniheldur um það bil 47 mg af natríumi.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Mixtúra, lausn.

Tær, litlaus eða fölgul lausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Sebivo er ætlað til meðferðar við langvinnri lifrabólgu B hjá fullorðnum sjúklingum með lifrarsjúkdóm sem ekki fer versnandi og staðfesta veirusölgun, viðvarandi aukna sermispéttni alanínamínótransferasa (ALT) og vefjafræðilega staðfestingu á virkri bólgu og/eða bandvefsaukningu.

Einungis skal íhuga að hefja meðferð með Sebivo þegar önnur veirulyf með hærri erfðafræðilegan þröskuld gegn ónæmi eru ekki fáanleg eða nokkun þeirra á ekki við.

Sjá kafla 5.1 hvað varðar ítarlegri upplýsingar um rannsóknina og sértækar upplýsingar um sjúklingana, sem ábendingin er undirbúin á.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir sem er sérfræðingur með reynslu í meðferð langvinnrar lifrabólgu B skal hefja meðferðina.

Skammtar

Fullorðni

Ráðlagður skammtur Sebivo er 30 ml, sem jafngildir 600 mg skammti, einu sinni á dag.

Þjálflit meðan á meðferð stendur

Þjálflit hefur verið fram á að svörun í 24. viku meðferðarinnar hafi forspárgildi um langtímasvörun (sjá gáttu 7 í kafla 5.1). Mæla skal magn HBV DNA í 24. viku meðferðarinnar til að tryggja fullkomna bælingu á veirunni (HBV DNA innan við 300 eintök/ml). Íhuga skal að breyta meðferðinni hjá sjúklingum með mælanlegt magn HBV DNA eftir 24 vikna meðferð.

Mæla skal magn HBV DNA á 6 mánaða fresti til að tryggja áframhaldandi svörun. Ef HBV DNA greinist hjá sjúklingum, á einhverjum tímamarki eftir upphaflega svörun, skal íhuga að breyta meðferðinni. Hafa skal mælingar á ónæmi til hliðsjónar til að ná ákjósanlegustu meðferð.

Lengd meðferðar

Víðeigandi meðferðarlengd er ekki þekkt. Íhuga skal að hætta meðferð í samræmi við eftirfarandi:

- Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum, sem ekki eru með skorpulífur, skal halda meðferð áfram, í að minnsta kosti 6-12 mánuði eftir að mæling á mótefnum gegn HBeAg hefur verið staðfest (HBeAg greinist ekki lengur og HBV DNA greinist ekki lengur en and-HBe greinist) eða þar til mótefni gegn HBsAg mælast eða vísbendingar eru um að lyfið sé hætt að virka. Hafa skal reglulegt eftirlit með þéttni ALT og HBV DNA í sermi eftir að meðferð er hætt til að greina mögulega síðkomna veirufræðilega versnun.
- Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum, sem ekki eru með skorpulífur, skal halda meðferð áfram, að minnsta kosti þar til mótefni gegn HBsAg mælast eða vísbendingar eru um að lyfið sé hætt að virka. Þegar um langvarandi meðferð í meira en 2 ár er að ræða, er mælt með reglulegu endurmati til að staðfesta að víðeigandi sé fyrir sjúklinginn að halda viðkomandi meðferð áfram.

Skammtar sem gleymast

Ef skammtur gleymist má sjúklingurinn einungis taka skammtinn sem gleymdist ef meira en 4 klst. eru þar til taka á næsta áætlaðan skammt. Taka skal næsta skammt á venjulegum tíma.

Aldraðir (eldri en 65 ára)

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar sem styðja sértækar skammtaráðleggingar vegna sjúklinga eldri en 65 ára (sjá kafla 4.4).

Skert nýrnastarfsemi

Ráðlagður skammtur telbivudins er hinn sami fyrir sjúklinga með kreatínín úthreinsun ≥ 50 ml/mín. Aðlaga þarf skammta hjá sjúklingum með kreatínín úthreinsun ≥ 30 ml/mín., þar með talið hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi, sem eru í blóðskilun. Ráðlagt er að minnka sólarhringsskammta með því að nota Sebivo mixtúru, lausn, eins og tilgreint er í töflu 1 hér á eftir. Ef ekki er hægt að nota mixtúru, lausn má nota Sebivo filmuhúðaðar töflur í staðinn og skammtarnir skulu stilltir með því að auka bilið milli skammta, eins og tilgreint er í töflu 1.

Tafla 1 Aðlögun skömmtunar Sebivo hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi

Kreatínín úthreinsun (ml/mín.)	Telbivudin 30 mg/ml mixtúra, lausn Aðlögun sólarhringsskammta	Telbivudin 600 mg filmuhúðaðar töflur Valkostur** við skammtaaðlögun með auknu bili milli skammta
≥ 50	600 mg (30 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á dag
30-49	400 mg (20 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á 48 klst. fresti
< 30 (ekki í skilun)	200 mg (10 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á 72 klst. fresti
ESRD*	120 mg (6 ml) einu sinni á dag	600 mg einu sinni á 96 klst. fresti

* Nýrnasjúkdómur á lokastigi.

** Ef ekki er hægt að nota mixtúru, lausn

Skammta breytingarnar sem lagðar eru til, grundvallast á framreikningi og eru ekki endilega þær sem best eignað. Ekki hefur verið lagt klínískt mat á öryggi og verkun með tilliti til leiðbeininga um aðlögun skammta. Þess vegna er ráðlagt að hafa náð klínískt eftirlit með þessum sjúklingum.

Sjúklingar með nýrnasjúkdóm á lokastigi

Þegar um er að ræða sjúklinga með nýrnasjúkdóm á lokastigi skal gefa Sebivo að blóðskilun lokinni (sjá kafla 5.2).

Skert lifrarstarfsemi

Ráðlagður skammtur Sebivo er hinn sami fyrir sjúklinga með skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 5.2).

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun Sebivo hjá börnum. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagiöf

Sebivo er til inntöku, með mat eða án matar.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Samhliða notkun telbivudins og pegyltengds eða hefðbundins interferon alfa (sjá kafla 4.4 og 4.5).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Alvarleg, bráð versnun langvinnrar lifrabólgu B er tiltölulega algeng og einkennist af tímabundinni hækkun sermispéttni ALT. Eftir að veirueyðandi meðferð hefst getur sermispéttni ALT aukist hjá sumum sjúklingum en sermispéttni HBV DNA minnkað (sjá kafla 4.8). Að meðaltali liður af sjúklingum áður en sjúkdómurinn tók að versna hjá sjúklingum í meðferð með telbivudini. Á heildina til blosaði ALT oftast hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum en hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum. Hjá sjúklingum með lifrarsjúkdóm sem ekki fer versnandi fylgir þessari hækkun á sermispéttni ALT yfirleitt ekki hækkun sermispéttni bilirubins eða önnur einkenni versnandi lifrarstarfsemi. Vera má að hætta á versnandi lifrarstarfsemi, og hætta á versnun lifrabólgu í kjölfarið, sé meir hjá sjúklingum með skorpulifur. Því þarf að fylgjast náið með slíkum sjúklingum.

Einnig hefur verið greint frá versnun lifrabólgu hjá sjúklingum sem hafa hætt í meðferð við lifrabólgu B. Skyndihækkun ALT eftir að meðferð er hætt tengist yfirleitt aukinni sermispéttni HBV DNA og meirihluti slíkra tilvika hefur gengið til baka á stöðu sér. Engu að síður hefur einnig verið greint frá alvarlegri og stundum banvænni versnun sjúkdómsins eftir að meðferð er hætt. Því skal fylgjast reglulega með lifrarstarfsemi, bæði með klínískum rannsóknum og síðan með blóðrannsóknunum, í að minnsta kosti 6 mánuði eftir að meðferð við lifrabólgu B hefur verið hætt.

Mjólkursýrublóðsýring

Eftir markaðssetningu hefur verið greint frá mjög sjaldgæfum tilvikum mjólkursýrublóðsýringar í tengslum við telbivudin. Tilvikin voru óháð afleiðing annarra alvarlegra sjúkdóma (t.d. rákvöðvalýsu) og/eða í tengslum við vöðva-tengd tilvik (t.d. vöðvakvilla, vöðvabólgu). Þegar um var að ræða afleiðingu annarra sjúkdóma tengdust sum tilvik einnig brisbólgu, lifrabilun/fituhrörnun í lifur og nýrnabilun. Í sumum tilvikum var greint frá banvænum tilvikum þegar mjólkursýrublóðsýring var afleiðing af rákvöðvalýsu. Hafa skal náið eftirlit með sjúklingum.

Hætta skal meðferð með telbivudini ef efnaskipta-/mjólkursýrublóðsýring af óþekktum orsökum kemur fram. Vera má að göðkynja einkenni sem tengjast meltingarvegi, t.d. ógleði, uppköst og kviðverkir, geti bent til þess að mjólkursýrublóðsýring sé að koma fram.

Áhrif á vöðva

Greint hefur verið frá vöðvakvilla og vöðvaverkjum í tengslum við notkun telbivudins, nokkrum tilvikum eða mánuðum eftir að meðferð hófst (sjá kafla 4.8). Greint hefur verið frá tilvikum um rákvöðvalýsu eftir markaðssetningu telbivudins (sjá kafla 4.8).

Íhuga skal hvort um vöðvakvilla, skilgreindur sem þrálátir óútskýrðir vöðvaverkir og/eða vöðvamáttleysi án tillits til þess hve mikið hækkun þéttni kreatínínasa (CK) er, geti verið að ræða hjá sérhverjum sjúklingi sem fær útbreidda óútskýrða vöðvaverki, vöðvaeymsli, máttleysi í vöðva eða vöðvabólgu (skilgreind sem vöðvakvilli með vefjafræðilegum vísbendingum um vöðvaskemmdir). Ráðleggja skal sjúklingum að láta strax vita af öllum þrálátum óútskýrðum verkjum, sársauka, eymslum eða máttleysi í vöðvum. Sé greint frá einhverju af þessum einkennum, skal framkvæma ítarlega skoðun á vöðvum til að meta vöðvastarfsemi. Hætta skal meðferð með telbivudini ef vöðvakvilli greinist.

Ekki er þekkt hvort hætta á vöðvakvilla í tengslum við meðferð með telbivudini eykst við samhliða notkun annarra lyfja sem tengjast vöðvakvilla (t.d. statin, fibröt eða ciclosporin). Læknar sem íhuga samhliða meðferð með öðrum lyfjum sem tengjast vöðvakvilla eiga að meta vel og vandlega hugsanlegan ávinning á móti áhættu og fylgjast á með sjúklingum með tilliti til sérhverra einkenna sem benda til vöðvakvilla.

Úttaugakvilli

Í sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá úttaugakvilla hjá sjúklingum í meðferð með telbivudini. Ef grunur er um úttaugakvilla, skal endurskoða meðferð með telbivudini (sjá kafla 4.8).

Aukin hætta á úttaugakvilla hefur komið fram í einni rannsókn við samhliða notkun telbivudins og pegyltengds interferon alfa-2a (sjá kafla 4.5). Ekki er hægt að útiloka samsvarandi hættu fyrir annarskonar interferon alfa (pegyltengt eða hefðbundið). Ennfremur hefur ávinningur af samhliða notkun telbivudins og interferon alfa (pegyltengds eða hefðbundins) ekki verið ákvarðaður. Því er ekki nota telbivudin samhliða pegyltengdu eða hefðbundnu interferon alfa (sjá kafla 4.7).

Nýrnastarfsemi

Vegna þess að brotthvarf telbivudins verður aðallega með útskilnaði um nýrnir er mælt með viðeigandi breytingu á tíma milli skammta hjá sjúklingum með úthreinsun kreatínín < 50 ml/mín., þ.m.t. hjá sjúklingum í blóðskilun. Ekki hefur verið lagt klínískt mat á árangur af aðlögun tíma milli skammta. Því ætti að fylgjast náið með veirufræðilegri svörun hjá sjúklingum sem nota lyfið með lengra tímabili milli skammta (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Sjúklingar með skorpulifur sem ekki fer versnandi

Vegna þess hve fyrirbyggjandi upplýsingar eru takmarkaðar (um það bil 3% sjúklinga sem tóku þátt í rannsókninni voru með skorpulifur) skal nota telbivudin með sérstakri varúð handa sjúklingum með skorpulifur. Meðan á meðferð stendur og eftir að meðferð er hætt skal fylgjast náið með þessum sjúklingum með tilliti til klínískra, lífefnafræðilegra og veirufræðilegra þátta sem tengjast lifrabólgu B.

Sjúklingar með skorpulifur sem fer versnandi

Ekki liggja fyrir neinar fullnægjandi upplýsingar um öryggi og verkun hjá sjúklingum með versnandi skorpulifur.

Sjúklingar sem hafa áður notað núkleósíð-/núkleótíðhliðstæður

In vitro var telbivudin ekki virkt gegn HBV stofnum með rtM204V/rtL180M eða rtM204I stökkbreytingar (sjá kafla 5.1). Meðferð með telbivudini einu sér er ekki valmöguleiki fyrir sjúklinga með staðfesta lamivudinónæma lifrabólgu B veirusýkingu. Ólíklegt er að sjúklingar sem ekki hafa náð veirufræðilegri svörun eftir meðferð með lamivudini sem hefur staðið yfir í meira en 24 vikur, hafi ávinning af meðferð með telbivudini einu sér. Sem stendur eru engar klínískar upplýsingar fyrir hendi um hægt sé að leggja nægjanlegt mat á ávinning og áhættu sem fylgir því að skipta yfir á meðferð með telbivudini hjá sjúklingum sem eru á meðferð með lamivudini og ná fullkominni bælingu á veirunni með lamivudini.

Engar upplýsingar liggja fyrir um meðferð með telbivudini hjá sjúklingum með staðfesta adefovir-ónæma lifrabólgu B veiru með stakar rtN236T eða A181V stökkbreytingar. Niðurstöður úr frumurannsóknum sýndu að A181V útskiptingin sem tengist ónæmi fyrir adefoviri hafði 1,5- til um það bil 4-falt minna næmi fyrir telbivudini.

Lifrarþegar

Öryggi og verkun telbivudins hvað varðar notkun handa lifrarþegum, er ekki þekkt.

Aldraðir

Ekki tóku nægilega margir sjúklingar ≥ 65 ára þátt í klínískum rannsóknum á telbivudini til að hægt væri að meta hvort svörun þeirra er frábrugðin því sem gerist hjá þeim sem yngri eru. Vegna hærri tíðni skertrar nýrnastarfsemi, af völdum sjúkdóma eða vegna samhliða notkunar á öðrum lyfjum, skal almennt gæta varúðar þegar Sebivo er ávísað handa öldruðum sjúklingum.

Aðrir sérstakir sjúklingahópar

Sebivo hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með lifrabólgu B sem einnig eru með aðra sýkingar (t.d. sjúklingar sem einnig eru sýktir af alnæmisveiru [HIV], lifrabólgu C veiru [HCV] eða lifrabólgu D veiru [HDV]).

Almennar upplýsingar

Upplýsa skal sjúklinga um að ekki hafi verið sýnt fram á að meðferð með Sebivo dægi úr hættu á að smita aðra af HBV með kynmökum eða blóðblöndun.

Ekki er mælt með notkun telbivudins samhliða lamivudini, því í klínískri rannsókn kom fram minni svörun við samsettri meðferð með telbivudini og lamivudini, en við telbivudini einu sér.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um verkun og öryggi varðandi notkun telbivudins með öðrum veirulyfjum.

Hjálparefni

Sebivo mixtúra, lausn inniheldur um það bil 47 mg af natríumi í hverjum 600 mg skammti (30 ml), sem skal hafa í huga hjá sjúklingum á natúrunæktu mataræði.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Vegna þess að brotthvarf telbivudins verður einkum með útskilnaði um nýru getur samhliða notkun Sebivo og annarra lyfja séð hafa áhrif á nýrnastarfsemi (t.d. amínóglýkósíð, kröftug (loop) þvagræsilyf, platínusambönd, vancomycin, amfotericin B) haft áhrif á plasmáþéttni telbivudins og/eða hinna lyfjanna. Gæta skal varúðar við samhliða notkun telbivudins og þessara lyfja. Lyfjahvörf telbivudins við jafn og breyttust ekki við endurtekna skammta samhliða lamivudini, adefoviri, dipivoxili, tenofovir disoproxil fumarati, ciclosporini eða pegyltengdu interferon alfa-2a. Að auki hefur telbivudin ekkert áhrif á lyfjahvörf lamivudins, adefovir dipivoxils, tenofovir disoproxil fumarats eða ciclosporins. Ekki reyndist unnt að draga neina afgerandi ályktun varðandi áhrif telbivudins á lyfjahvörf pegyltengds interferons vegna þess hve þéttni pegyltengds interferon alfa-2a var breytileg milli einstaklinga. Klínísk rannsókn á samhliða notkun telbivudins 600 mg á sólahring og 180 µg af pegyltengdu interferon alfa-2a gefnu einu sinni í viku undir húð, bendir til þess að slík samhliða notkun tengist aukinni hættu á úttaugakvilla. Ástæða þessa er ekki þekkt (sjá kafla 4.4). Ekki má nota telbivudin samhliða lyfjum sem innihalda interferon alfa (sjá kafla 4.3).

Telbivudin er hvorki hvarfefni cytokrom P450 (CYP450) ensímkerfisins, hemill þess né hvati (sjá kafla 5.2). Því er lítil hættu á CYP450 miðluðum milliverkunum Sebivo við lyf.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Dýrarannsóknir benda ekki til beinna skaðlegra áhrifa á meðgöngu, fósturvísis-/fósturþroska, fæðingu eða þroska eftir fæðingu (sjá kafla 5.3). Rannsóknir á ungafullum rottum og kanínum sýna að telbivudin fer yfir fylgju. Rannsóknir á ungafullum kanínum leiddu í ljós ótímabært got og/eða fósturlát vegna eiturverkana á móðurina.

Takmarkaðar klínískar upplýsingar (innan við 300 niðurstöður þungana) eftir útsetningu fyrir telbivudini á fyrsta þriðjungi meðgöngu benda ekki til eiturverkana sem valda vansköpun og mikið magn upplýsinga (fleiri en 1000 niðurstöður þungana) eftir útsetningu á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu benda ekki til eiturverkana á fóstur/nýbura.

Aðeins skal nota Sebivo á meðgöngu ef ávinningur móðurinnar vegur þyngra en áhætta fyrir fósturið.

Birtar heimildir sýna að útsetning fyrir telbivudini á öðrum og/eða síðasta þriðjungi meðgöngu hefur dregið úr hættu á HBV smiti frá móður til barns ef telbivudin er gefið til viðbótar við lifrabólgu B ímúnóglóbúlín og lifrabólgu B bóluefni.

Brjóstgjöf

Telbivudin skilst út í mjólk hjá rottum. Ekki er þekkt hvort telbivudin skilst út í brjóstamjólk. Konur mega ekki hafa barn á brjósti á meðan þær nota Sebivo.

Frjósemi

Ekki liggja fyrir neinar klínískar upplýsingar um áhrif telbivudins á frjósemi karla eða kvenna. Í rannsóknum á eiturverkunum á æxlun hjá fullorðnum dýrum var frjósemi lítillega skert þegar bæði karlkyns og kvenkyns rottur fengu telbivudin. Aukaverkanir á frjósemi voru meiri í annarri rannsókn, sem gerð var hjá ungum dýrum, þegar bæði kynin fengu telbivudin (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sebivo hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á upplýsingum um öryggi

Mat á aukaverkunum er að mestu byggt á tveimur rannsóknum, NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015, þar sem 1.699 sjúklingar með langvinna lifrabólgu B fengu tvíblindu meðferð með telbivudinu 600 mg/sólarhring (n = 847) eða lamivudini (n = 852) í 104 vikur.

Í klínísku rannsóknunum sem stóðu yfir í 104 vikur voru aukaverkanir sem greint var frá yfirleitt þökkvaðar sem vægar eða í meðallagi alvarlegar. Algengustu aukaverkanirnar voru 3. eða 4. stigs þekkingun kreatínfosfókínasa í blóði (6,8%), þreyta (4,4%), höfuðverkur (3,0%) og ógleði (2,6%).

Aukaverkanir settar fram í töflu

Í töflu 2 eru aukaverkanir flokkaðar samkvæmt MedDRA flokkun eftir líffærakerfi og tíðni, samkvæmt eftirfarandi flokkun: Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 2 Aukaverkanir

Efnaskipti og næring	
Mjög sjaldgæfar*	Mjólkursýrublóðsýring.
Taugakerfi	
Algengar	Sundl, höfuðverkur.
Sjaldgæfar	Úttaugakvilli, breytt bragðskyn, skert snertiskyn, máláðafi, settaugarbólga.
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	
Algengar	Hósti.
Meltingarfæri	
Algengar	Niðurgangur, aukinn lípasi í blóði, óþægir, kviðverkir.
Húð og undirhúð	
Algengar	Útbrot.
Stoðkerfi og stoðvefur	
Sjaldgæfar	Vöðvakvilli/vöðvabólga, kviðverkir, vöðvaverkir, verkir í útlimum, bakverkir, vöðvakvilli, verkir í hálsi, verkir í síðu.
Mjög sjaldgæfar*	Rákvöðvalýsa
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	
Algengar	Breyta
Sjaldgæfar	Lasteiki.
Rannsóknaniðurstöður	
Algengar	Aukinn kreatínfosfokínasi í blóði, aukinn alanínamínótransferasi í blóði, aukinn amýlasi í blóði.
Sjaldgæfar	Aukinn aspartat amínótransferasi.

* Greint var frá þessari aukaverkun eftir markaðssetningu lyfsins en hún kom ekki fram í klínískum samanburðarrannsóknum. Tíðniflokkunin var ákvörðuð út frá tölfræðilegum útreikningum sem byggðust á heildarfjölda sjúklinga sem fengu meðferð með telbivudini í klínískum rannsóknum (n = 8.914).

Lýsing á völdum aukaverkunarum

Hækkun kreatínkínasa

Eftir 10+ vikna meðferð hafði komið fram 3. eða 4. stigs hækkun ($> 7x$ ULN) kreatínkínasa (CK) hjá 12,6% sjúklinga sem fengu meðferð með telbivudini (n = 847) og hjá 4,0% sjúklinga sem fengu meðferð með lamivudini (n = 846) samkvæmt samanlögðum niðurstöðum úr NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015. Í flestum tilvikum var aukning kreatínkínasa án einkenna og gildi kreatínkínasa hófðu yfirleitt lækkað þegar kom að næstu heimsókn, við áframhaldandi meðferð.

Skýndihækkun ALT

Tíðni skýndihækkunar alanínaminótransferasa (ALT), í báðum meðferðarhópunum, meðan á meðferð stóð, samkvæmt skilgreiningu AASLD (American Association for the Study of Liver Diseases) (hækkun ALT >2x upphafsgildi og >10x ULN) er tilgreind nánar í töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3 Samantekt á skýndihækkunum ALT meðan á meðferð stóð – Rannsóknir NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015 teknar saman

Skýndihækkun ALT: Hækkun ALT >2x upphafsgildi og >10x ULN	Lamivudin n/N (%)	Telbivudin n/N (%)
Á heildina litið	67/852 (7,9)	41/847 (4,8)
Frá upphafi að 24. viku	25/852 (2,9)	25/847 (3,0)
Frá 24. viku til loka rannsóknarinnar	44/837 (5,3)	17/834 (2,0)

Mælt er með reglulegu eftirliti með lifrarstarfsemi meðan á meðferð stendur (sjá kafla 4.4).

Versnun lifrabólgu B eftir að meðferð hefur verið hætt

Greint hefur verið frá bráðri versnun lifrabólgu B hjá sjúklingum eftir að meðferð við lifrabólgu B, þar með talið með telbivudini, er hætt (sjá kafla 4.4).

Tíðni skýndihækkunar alanínaminótransferasa (ALT) eftir að meðferð lauk, í báðum meðferðarhópunum, er tilgreind nánar í töflu 4 hér á eftir.

Tafla 4 Samantekt á skýndihækkun ALT eftir að meðferð lauk –Rannsóknir NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015 teknar saman

	Lamivudin n/N (%)	Telbivudin n/N (%)
Skýndihækkun ALT	n/N (%)	n/N (%)
Hækkun ALT >2x upphafsgildi og >10x ULN	10/180 (5,6)	9/154 (5,8)

Niðurstöður í 208 viku

Eftir meðferð með telbivudini í 104 vikur voru 78% sjúklinganna (530/680) úr rannsókn NV-02B-007 (GLOBE) og 82% (137/167) sjúklinganna úr rannsókn NV-02B-015 skráðir í framhaldsrannsóknina CLDT600A2303 (sjá kafla 5.1) til að halda meðferð áfram í allt að 208 vikur. Langtímaöryggishópurinn samanstóð af 635 sjúklingum, þar með talið 518 úr NV-02B-007 (GLOBE) og 137 úr NV-02B-015. Heildaöryggi úr samanteknum greiningum fram að 104 og 208 viku var sambærilegt. 3. eða 4. stigs hækkanir kreatínínasa kom fram að nýju hjá 15,9% sjúklinga sem fengu meðferð með telbivudini í 208 vikur. Flestar 3. eða 4. stigs hækkanir kreatínínasa voru einkennalausar og tímabundnar.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um viljandi ofskömmun með telbivudini, en einum einstaklingi var fyrir slysi gefinn of stór skammtur, án þess að einkenni kæmu fram. Skammtar sem hafa verið rannsakaðir, allt að 1.800 mg/sólarhring, sem er þrefaldur ráðlagður sólarhringsskammtur, hafa þólast vel. Hámarksskammtur sem þolist hefur ekki verið ákvarðaður. Eigi ofskömmun sér stað skal hætta notkun Sebivo og veita viðeigandi almenna stuðningsmeðferð eftir þörfum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Veirusýkingalyf til almennrar verkunar, núkleósíða og núkleótíða bakriahemlar, ATC-flokkur: J05AF11.

Verkunarháttur

Telbivudin er samtengd tymidinnúkleósíðhliðstæða sem er virk gegn HBV DNA pólýmerasa. Fyrir tilstilli kína innfrumna fosfórtengist lyfið nægilega mikið til að mynda nukleósíðfosfat, sem hefur helmingunartímann 14 klst. í frumunum. Telbivudín-5'-þrífosfat hamlar HBV DNA pólýmerasa (reverse transcriptasi) með samkeppni við náttúrulega hvarfefnið tymidín-5'-þrífosfat. Innlimun telbivudín-5'-þrífosfats í veiru DNA veldur stöðvun (termination) DNA keðju, sem leiðir til hömlunar á afritun HBV.

Lyfhrif

Telbivudin hamlar eftirmyndun á bæði fyrri þætti ($EC_{50} = 0,4-1,3 \mu M$) og seinni þætti ($EC_{50} = 0,12-0,24 \mu M$) HBV og hamlar greinilega frekar eftirmyndun seinni þáttarins en hins fyrri. Á hinn bóginn hamlaði telbivudín-5'-þrífosfat, í þéttni allt að $100 \mu M$, ekki α , β , eða γ DNA pólýmerasa í frumum. Í rannsóknum á byggingu, starfsemi og DNA innihaldi hvatbera, hafði telbivudin ekki umtalsverðar eiturverkanir við þéttni allt að $10 \mu M$ og jók ekki mjólkursýrumyndun *in vitro*.

Veirueyðandi verkun telbivudíns *in vivo* var metin í lifraræxlisfrumulínu 2.2.15 úr mönnum, sem tjáir HBV. Sú þéttni telbivudíns sem með virkum hætti hamlaði veirumyndun um 50% (EC_{50}) var u.þ.b. $0,2 \mu M$. Veirueyðandi verkun telbivudíns er sértæk fyrir lifrabólgu B veiruna og skyldar hepadnaveirur. Telbivudin var ekki virkt gegn HIV *in vitro*. Ekki hefur verið lagt mat á skort telbivudíns á virkni gegn HIV í klínískum rannsóknum. Greint hefur verið frá tímabundinni minnkun á HIV-1 RNA hjá fæðnum sjúklingum eftir gjöf telbivudíns þegar ekki var gefin andretróveirumeðferð. Klínískt mikilvægi þessarar minnkunar hefur ekki verið ákvarðað.

Klínísk reynsla

Lagt var mat á öryggi og verkun langtíameðferðar (104 vikur) með Sebivo í tveimur klínískum samanberandi rannsóknum með virku efni, sem 1.699 sjúklingar með langvinna lifrabólgu B tóku þátt í (NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015).

Rannsókn NV-02B-007 (GLOBE)

NV-02B-007 (GLOBE) rannsóknin er slembuð, tvíblind, fjölþjóðleg III. stigs rannsókn þar sem telbivudin er borið saman við lamivudin, í 104 vikna meðferð hjá 1.367 sjúklingum með langvinna HBsAg-jákvæða eða HBsAg-neikvæða lifrabólgu B sem ekki höfðu áður fengið meðferð með núkleósíðum. Flestir sjúklinganna, sem þátt tóku í rannsókninni, voru af Asísku kynstofninum. Algengasta HBV arfgerðin var B (26%) og C (51%). Nokkrir (alls 98) sjúklingar af hvíta kynstofninum fengu meðferð með telbivudini. Frumgreining upplýsinga fór fram þegar allir sjúklingarnir höfðu náð 52 vikna meðferð.

HBeAg-jákvæðir sjúklingar: Meðalaldur sjúklinganna var 32 ár, 74% voru karlar, 82% af asíska kynstofninum, 12% af hvíta kynstofninum og 6% höfðu áður fengið meðferð með alfa-interferoni.

HBeAg-neikvæðir sjúklingar: Meðalaldur sjúklinganna var 43 ár, 79% voru karlar, 65% af asíska kynstofninum, 23% af hvíta kynstofninum og 11% höfðu áður fengið meðferð með alfa-interferoni.

Klínískar niðurstöður í viku 52

Klínískir og veirufræðilegir endapunktur verkunar voru metnir hjá hvorum hópnum fyrir sig, þ.e. hjá HBeAg-jákvæða og HBeAg-neikvæða sjúklingahópnum. Fyrsti endapunktur meðferðarsvörunar var samsettur úr ónæmisfræðilegum endapunkti þ.e. bæling á HBV DNA í $<5 \log_{10}$ eintök/ml auk þess sem annaðhvort þurfti HBeAg að hverfa úr sermi eða gildi ALT að verða eðlilegt. Aðrir (secondary) endapunktur voru vefjafræðileg svörun, endurheimt eðlilegs gildis ALT og ýmsar mælingar á veirueyðandi verkun.

Óháð upphaflegu ástandi sýndu flestir sjúklingar sem fengu Sebivo vefjafræðilega, veirufræðilega, lífefnafræðilega og ónæmisfræðilega svörun við meðferðinni. Gildi ALT sem í upphafi voru $>2 \times$ ULN og gildi HBV DNA sem í upphafi voru $<9 \log_{10}$ eintök/ml, tengdust hærra hlutfalli mótefnavendingar gegn HBeAg hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum. Sjúklingar sem í 24. viku höfðu með HBV DNA þéttni $<3 \log_{10}$ eintök/ml svöruðu meðferð best. Hjá sjúklingum með HBV DNA þéttni $>4 \log_{10}$ eintök/ml í 24. viku var útkoman hinsvegar óhagstæðari eftir 52 vikna meðferð.

Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum hafði telbivudín yfirburði á lamivudín hvað varðar meðferðarsvörun (75,3% samanborið við 67,0% sem svöruðu meðferð; $p = 0,0047$). Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum gaf telbivudín ekki betri svörun en lamivudín (75,2% og 70,2% sem svöruðu meðferð; $p = 0,6187$). Hjá sjúklingum af hvíta kynstofninum kom fram mótefnavending við báðum veirulyfjunum sem voru notuð í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni. Hættuvarnartóku mjög fáir sjúklingar af hvíta kynstofninum þátt í rannsókninni ($n = 98$).

Í viku 24 var þéttni HBV DNA ekki lengur greinanleg hjá 203 HBeAg-jákvæðum og hjá 177 HBeAg-neikvæðum sjúklingum. Af HBeAg-jákvæðum sjúklingunum var HBV DNA ekki lengur greinanlegt hjá 95%, hjá 39% kom fram mótefnavending gegn HBeAg, 90% endurheimtu eðlilegt gildi ALT eftir viku 52 og hjá 0,5% kom fram ónæmi í viku 48. Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingunum var HBV DNA ekki lengur greinanleg hjá 96%, 79% endurheimtu eðlilegt gildi ALT eftir viku 52 og hjá 0% kom fram ónæmi í viku 48.

Veirufræðilegar, lífefnafræðilegar og ónæmisfræðilegar niðurstöður eru tilgreindar í töflu 5 og vefjafræðileg svörin í töflu 6.

Tafla 5 Veirufræðilegir, lífefnafræðilegir og ónæmisfræðilegir endapunktur eftir viku 52 í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni

Svörunarbreyta	HBeAg-jákvæðir (n = 921)		HBeAg-neikvæðir (n = 446)	
	Telbivudin 600 mg (n = 458)	Lamivudin 100 mg (n = 463)	Telbivudin 600 mg (n = 222)	Lamivudin 100 mg (n = 224)
Meðaltal HBV DNA lækkunar miðað við upphafsgildi (\log_{10} eintök/ml) \pm SEM ^{1, 2, 3}	-6,45 (0,11)*	-5,54 (0,11)	-5,23 (0,13)*	-4,48 (0,13)
% sjúklinga með ógreinanlegt HBV DNA samkvæmt kjarnsýrumögnun (PCR)	60%*	40%	88%*	71%
Endurheimt eðlilegs gildis ALT ⁴	77%	75%	74%	79%
HBeAg mótefnasvörun ⁴	23%	22%	-	-
Hvarf HBeAg ⁵	26%	23%	-	-

¹ SEM: Staðalskekkingja meðaltals (standard error of mean).

² Roche COBAS Amplicor® PCR mæling (neðri næmismörk ≤ 300 eintök/ml).

³ HBeAg-jákvæðir n = 443 og 444, HBeAg-neikvæðir n = 219 og 219, fyrir telbivudin og lamivudin hópana, tilgreint í sömu röð. Þýðismismunur er vegna þess að sjúklingar næstu þátttöku í rannsókninni eða að ekki lá fyrir mat á HBV DNA eftir 52. viku.

⁴ HBeAg-jákvæðir n = 440 og 446, HBeAg-neikvæðir n = 203 og 203, fyrir telbivudin og lamivudin hópana, tilgreint í sömu röð. Endurheimt eðlilegs gildis ALT var einungis metin hjá sjúklingum sem í upphafi rannsókna voru með ALT > ULN.

⁵ n = 432 og 442, fyrir telbivudin og lamivudin hópana, tilgreint í sömu röð. HBeAg mótefnavending og hvarf, var einungis metið hjá sjúklingum sem í upphafi rannsókna voru með greinanlegt HBeAg.

* p < 0,0001

Tafla 6 Vefjafræðilegur ávinningur og breyting á Ishak trefjunarskori eftir viku 52 í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni

Vefjafræðileg svörun ²	HBeAg-jákvæðir (n = 921)		HBeAg-neikvæðir (n = 446)	
	Telbivudin 600 mg (n = 384) ¹	Lamivudin 100 mg (n = 386) ¹	Telbivudin 600 mg (n = 199) ¹	Lamivudin 100 mg (n = 207) ¹
Ávinningur	71%*	61%	71%	70%
Engin ávinningur	17%	24%	21%	24%
Ishak trefjunarskor				
Ávinningur	42%	47%	49%	45%
Engin breyting	39%	32%	34%	43%
Versnun	8%	7%	9%	5%
Vefjasni frá viku 52 ekki fyrirbyggjandi	12%	15%	9%	7%

¹ Sjúklingar sem fengu \geq einn skammt af rannsóknarlyfinu, fyrirbyggjandi lifrarsýni frá því í upphafi meðferðar, sem unnt var að leggja mat á og Knodell HAI (histological activity index) skor sem í upphafi meðferðar var >3.

² Vefjafræðileg svörun skilgreind sem ≥ 2 stiga minnkun á Knodell dreppólsguskori, miðað við upphaflegt gildi, án nokkurrar versunar á Knodell trefjunarskori.

³ Hvað varðar Ishak trefjunarskor, var ávinningur metinn sem ≥ 1 stigs minnkun á Ishak trefjunarskori, frá upphaflegu gildi til gildis í viku 52.

* p = 0,0024

Klínískar niðurstöður í viku 104

Á heildina lítið voru klínískar niðurstöður í viku 104, hjá sjúklingum sem fengu meðferð með telbivudini, í samræmi við niðurstöðurnar í viku 52 og sýndu að virknisvörum hjá sjúklingum sem fengu meðferð með telbivudini hélst við áframhaldandi meðferð.

Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum var aukinn munur milli telbivudins og lamivudins í viku 104 á meðferðarsvörum (63% samanborið við 48%; $p < 0,0001$) og öðrum grundvallar (key secondary) endapunktum (meðaltal \log_{10} lækkunar HBV DNA: -5,74 samanborið við -4,42; $p < 0,0001$, HBV DNA ógreinanlegt: 56% samanborið við 39%; $p < 0,0001$ og endurheimt eðlilegs gildis ALT sem var 70% í stað 62%). Einnig kom fram tilhneiging til aukins hlutfalls HBeAg hvarfs (35% samanborið við 29%) og mótefnavendingar (30% samanborið við 25%) hjá þeim sem fengu telbivudin. Ennfremur náði marktækt herra hlutfall sjúklinga sem fékk meðferð með telbivudini en sjúklinga sem fékk meðferð með lamivudini, HBeAg mótefnavendingu í viku 104 (36% samanborið við 28%, tilgreint í sömu röð), í undirhópi sjúklinga með upphafsgildi ALT $>2 \times$ ULN (320).

Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum var meiri munur á meðferðarsvörum (78% samanborið við 66%) og öðrum grundvallar (key secondary) endapunktum (meðal \log_{10} minnkun HBV DNA: -5,00 samanborið við -4,17 og HBV DNA ógreinanlegt: 82% samanborið við 57%; $p < 0,0001$) hjá þeim sem fengu telbivudin allt til viku 104. Hlutfall endurheimts eðlilegs gildis ALT (70% samanborið við 70%) var áfram herra í viku 104.

Forspárgildi í viku 24

Í viku 24, náðu 203 HBeAg-jákvæðir (44%) og 177 HBeAg-neikvæðir (80%) einstaklingar sem fengu meðferð með telbivudini, því að vera með ógreinanlega þéttni HBV DNA.

Fyrir bæði HBeAg-jákvæða og HBeAg-neikvæða sjúklinga eru mest niðurstöður HBV DNA í viku 24 spá fyrir um jákvæðar niðurstöður til langs tíma. Sjúklingar sem fengu meðferð með telbivudini, og voru með ógreinanlega þéttni HBV DNA samkvæmt PCR mælingu í viku 24 voru með hæsta hlutfall ógreinanlegs HBV DNA og HBeAg mótefnavendingu (meðal HBeAg-jákvæðra sjúklinga) og í heildina lægsta hlutfall veirugegnumbrots (virological breakthrough) í viku 104.

Niðurstöðurnar í viku 104, byggðar á þéttni HBV DNA í viku 24, hjá HBeAg-jákvæðum og HBeAg-neikvæðum sjúklingum eru tilgreindar í töflu 7.

Tafla 7 Grundvallarendapunktur m.t.t. virkni í viku 104 samkvæmt þéttni HBV DNA í sermi í viku 24 hjá sjúklingum sem fengu meðferð með telbivudini í NV-02B-007 (GLOBE) rannsókninni

HBV DNA í viku 24	Niðurstöður grundvallarendapunkta í viku 104 byggðar á niðurstöðum í viku 24				
	Meðferðar-svörun n/N (%)	HBV DNA ógreinanlegt n/N (%)	HBeAg mótefnavending n/N (%)	Endurheimt eðlilegs gildis ALT n/N (%)	Veirugegnumbrot (virological breakthrough) n/N (%)
HBeAg-jákvæðir					
<300 eintök/ml	172/203 (85)	166/203 (82)	84/183 (46)	160/194 (82)	22/203 (11)
300 eintök/ml til <3 log ₁₀ eintök/ml	36/57 (63)	35/57 (61)	21/54 (39)	40/54 (74)	18/57 (32)
≥3 log ₁₀ eintök/ml	82/190 (43)	54/190 (28)	23/188 (12)	106/184 (58)	90/190 (47)
HBeAg-neikvæðir					
<300 eintök/ml	146/177 (82)	156/177 (88)	N/A	51/155 (82)	11/177 (6)
300 eintök/ml til <3 log ₁₀ eintök/ml	13/18 (72)	14/18 (78)	N/A	13/17 (76)	4/18 (22)
≥3 log ₁₀ eintök/ml	13/26 (50)	12/26 (46)	N/A	14/26 (54)	12/26 (46)

N/A = Á ekki við

* Veirugegnumbrot (virological breakthrough): „1 log fyrir ofan lágsta gildi“ skilgreining metin í viku 104

Rannsókn NV-02B-015

Niðurstöður NV-02B-007 (GLOBE) rannsóknarinnar hvar varðar virkni og öryggi voru staðfestar í NV-02B-015. Sú rannsókn er III. stigs, slémblið, tvíblind rannsókn þar sem telbivudin 600 mg einu sinni á sólarhring er borið saman við lanivudin 100 mg einu sinni á sólarhring í 104 vikna meðferð hjá 332 kínverskum sjúklingum með langvinnna HBeAg-jákvæða eða HBeAg-neikvæða lifrabólgu B, sem ekki höfðu áður fengið meðferð með nukleosíðum.

Rannsókn CLDT600A2303 – Klínískar niðurstöður í 208 vikur

Rannsókn CLDT600A2303 var opin 104 vikna framhaldsrannsókn hjá sjúklingum með langvinna lifrabólgu B, sem ekki fer versnandi, sem höfðu fengið meðferð með telbivudini í 2 ár, þar með talið sjúklingum úr rannsóknum NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015. Rannsóknin veitti upplýsingar um verkun og öryggi eftir samfellda meðferð með telbivudini í 156 og 208 vikur. Hjá sjúklingum með ógreinanlegt HBV DNA í viku 24 var útkoman betri í viku 156 og viku 208 (tafla 8).

Tafla 8 Virknigreining á samanteknum niðurstöðum úr NV-02B-007 (GLOBE), NV-02B-015 og CLDT600A2303 rannsóknunum

	Vika 52	Vika 104	Vika 156	Vika 208
<i>HBeAg-jákvæðir sjúklingar (n = 293*)</i>				
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml)	70,3% (206/293)	77,3% (218/282)	75,0% (198/264)	76,9% (183/214)
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml) ásamt því að HBV DNA er ógreinanlegt í viku 24	99,4% (161/162)	94,9% (150/158)	86,7% (130/150)	87,9% (109/124)
Samanlagt hlutfall mótefnavendingar HBeAg (%)	27,6% (81/293)	41,6% (122/293)	48,5% (142/293)	53,2% (156/293)
Samanlagt hlutfall mótefnavendingar HBeAg hjá sjúklingum með ógreinanlegt HBV DNA í viku 24 (%)	40,1% (65/162)	52,5% (81/153)	59,3% (96/162)	65,4% (106/162)
Eðlilegu gildi ALT viðhaldið	81,4% (228/280)	81,5% (237/271)	82,9% (209/252)	86,4% (178/106)
<i>HBeAg-neikvæðir sjúklingar (n = 209*)</i>				
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml)	95,7% (199/209)	96,5% (195/202)	84,7% (160/189)	86,0% (141/164)
Ógreinanlegu HBV DNA viðhaldið (<300 eintök/ml) ásamt því að HBV DNA er ógreinanlegt í viku 24	97,6% (175/179)	96,5% (166/172)	86,7% (143/165)	87,5% (126/144)
Eðlilegu gildi ALT viðhaldið	80,3% (151/188)	89,0% (161/181)	83,5% (142/170)	89,6% (129/144)

* Hópurinn sem var án óræmis gegn veirum þegar rannsókn CLDT600A2303 hófst samanstóð af 502 sjúklingum (293 HBeAg-jákvæðum og 209 HBeAg-neikvæðum).

Rannsókn CLDT600A2303 – Áhrif meðferðar á vefjafræði lifrar

Í rannsókn CLDT600A2303 voru 57 sjúklingar með tiltæk þöruð vefjasýni úr lifur, sem tekin voru í upphafi og eftir meðferð í að meðaltali 260,8 vikur, metnir með tilliti til breytinga á vefjafræði lifrar (38 HBeAg-jákvæðir og 19 HBeAg-neikvæðir sjúklingar).

- Lækkun varð á meðalgildi Knodell bólgudrepsgildis sem var 7,6 (staðalfrávik 2,9) í upphafi ($p < 0,0001$), en varð 1,4 (staðalfrávik 0,9) og var meðalbreytingin -6,3 (staðalfrávik 2,8). Knodell bólgudrepsgildi ≤ 3 (bólgudrep ekkert eða í lágmarki) kom fram hjá 98,2% (56/57) sjúklinga.

- Lækkun varð á meðalgildi Ishak gildis sem var 2,2 (staðalfrávik 1,1) í upphafi ($p < 0,0001$), en varð 0,9 (staðalfrávik 1,0) og var meðalbreytingin -1,3 (staðalfrávik 1,3). Ishak bandvefsmýndunargildi ≤ 1 (bandvefsmýndun engin eða í lágmarki) kom fram hjá 84,2% (48/57) sjúklinga.

Breytingar á Knodell bólgudrepsgildi og Ishak gildi voru sambærilegar hjá HBeAg-jákvæðum og HBeAg-neikvæðum sjúklingum.

CLDT600A2303 – Ending HBeAg svörunar eftir að meðferð er hætt

HBeAg-jákvæðir sjúklingar úr rannsóknum NV-02B-007 (GLOBE) og NV-02B-015 tóku þátt í rannsókn CLDT600A2303 þar sem sjúklingunum var fylgt eftir þegar þeir voru hættir á meðferð. Þessir sjúklingar höfðu lokið ≥ 52 vikna meðferð með telbivudini og höfðu sýnt hvarf HBeAg í ≥ 24 vikur og var HBV DNA $< 5 \log_{10}$ eintök/ml í síðustu heimsókn meðan þeir voru á meðferð. Miðgildi meðferðarlengdar var 104 vikur. Eftir eftirfylgnitímabil án meðferðar, miðgildi tímalengdar eftirfylgni var 120 vikur, sýndi meirihluti HBeAg-jákvæðra sjúklinga sem höfðu fengið meðferð með telbivudini viðvarandi hvarf HBeAg (83,3%; 25/30) og viðvarandi HBeAg mótefnavendingu (79,2%; 19/24). Sjúklingar með viðvarandi HBeAg mótefnavendingu höfðu að meðaltali HBV DNA $3,3 \log_{10}$ eintök/ml; og 73,7% höfðu HBV DNA $< 4 \log_{10}$ eintök/ml.

Klínískt ónæmi

Prófun á arfgerðarbundnu ónæmi var gerð í rannsókn NV-02B-007 (GLOBE; n = 680) hjá sjúklingum með veirufræðilega versnun (staðfesta aukningu á HBV DNA um $\geq 1 \log_{10}$ eintök/ml frá lögta gæði).

Í viku 48 voru 5% (23/458) HBeAg-jákvæðra og 2% (5/222) HBeAg-neikvæðra sjúklinga með veirufræðilega versnun með greinanlegum stökkbreytingum sem ollu HBV ónæmi.

Rannsóknir NV-02B-007 (GLOBE) og CLDT600A2303 – heildarhlutfall arfgerðarbundins ónæmis

Upprunalega greiningin á heildarhlutfalli arfgerðarbundins ónæmis í viku 104 og viku 208 byggðist á ITT hópnum og tók til allra sjúklinga sem héldu meðferð áfram í 4 ár, óháð magni HBV DNA. Af þeim 680 sjúklingum sem fengu telbivudin og tóku þátt í lykilrannsókninni NV-02B-007 (GLOBE), voru 517 (76%) teknir inn í rannsókn CLDT600A2303 og fengu áfram haldandi meðferð með telbivudini í allt að 208 vikur. Af þessum 517 sjúklingum voru 139 sjúklingar (HBeAg-jákvæðir=135, HBeAg-neikvæðir=24) með greinanlegt HBV DNA.

Heildararfgerðarhlutfall í viku 104, var 25,1% (115/458) hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum og 10,8% (24/222) hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum.

Hjá ITT hópnum í heild er heildarhlutfall ónæmis á 4. ári 40,8% (131/321) hjá HBeAg-jákvæðum og 18,9% (37/196) hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum.

Heildarhlutfall arfgerðarbundins ónæmis var einnig metið með því að nota stærðfræðilíkan þar sem einungis sjúklingar með ógreinanlegt HBV DNA í upphafi viðkomandi árs eru teknir inn í matið. Heildarhlutfall ónæmis á 4. ári var 22,3% hjá HBeAg-jákvæðum og 16,0% hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum í þessari greiningu.

Þegar skoðaðir eru sjúklingar með veirugegnumbrot (viral breakthrough) eftir 104 vikur í NV-02B-007 (GLOBE), er tíðni ónæmis lægri hjá sjúklingum með HBV DNA < 300 eintök/ml í viku 24 en hjá sjúklingum með HBV DNA ≥ 300 eintök/ml í viku 24. Hjá HBeAg-jákvæðum sjúklingum með HBV DNA < 300 eintök/ml í viku 24 var ónæmi 1% (3/203) í viku 48 og 9% (18/203) í viku 104, en hjá sjúklingum með HBV DNA ≥ 300 eintök/ml í viku 24 var ónæmi 8% (20/247) í viku 48 og 33% (97/247) í viku 104. Hjá HBeAg-neikvæðum sjúklingum með HBV DNA < 300 eintök/ml í viku 24 var ónæmi 0% (0/177) í viku 48 og 5% (9/177) í viku 104, en hjá sjúklingum með HBV DNA ≥ 300 eintök/ml var ónæmi 11% (5/44) í viku 48 og 34% (15/44) í viku 104).

Arfgerðarbundnar stökkbreytingar og krossónæmi

Arfgerðargreining á 203 greinanlegum úrtakspörum með HBV DNA ≥ 1.000 eintök/ml í viku 104 (NV-02B-007 (GLOBE)) sýndi að sú stökkbreyting sem helst tengdist ónæmi fyrir telbivudini var rtM204I, en hún tengdist oft stökkbreytingunum rtL108M og rtL801/V og sjaldan rtV27A, rtL82M, rtV173L, rtT184I og rtA200V. Upphafsbættir sem tengdust myndun á arfgerðarónæmi voru: meðferð með lamivudini, aukið HBV DNA í upphafi, minna magn ALT í sermi í upphafi og aukin líkamsþyngd/BMI. Svörunarbreytur í 24. viku meðferðarinnar sem spáðu fyrir um uppkomu lyfjaónæmrar veiru í 104. viku voru HBV DNA > 300 eintök/ml og hækkun á ALT í sermi.

Arfgerðargreining á 50 HBV stofnum frá sjúklingum á meðferð með telbivudini í viku 208 (CLDT600A2303) leiddi í ljós svipaða ónæmismynd og greint var frá í 104. viku. Vending í stöðum 80, 180 og fjölbrigðastöðum 91, 229 kom alltaf fram í röðum með M204I stökkbreytinguna sem veldur arfgerðarbundnu ónæmi. Þessar stökkbreytingar eru líklegast uppbótarstökkbreytingar. Greint var frá einni einangraðri rtM204V stökkbreytingu og tveimur rtM204I/V/M stökkbreytingum hjá sjúklingum á meðferð með telbivudini með veirugegnumbrot fyrir viku 208. Ekki var greint frá neinni nýrri stökkbreytingu.

Krossónæmi hefur komið fram meðal HBV nukleósíðhliðstæðna (sjá kafla 4.4). Í frumurannsóknum höfðu lamivudinónæmir HBV stofnar, með annaðhvort rtM204I stökkbreytingu eða tvöföldu rtL180M/rtM204V stökkbreytinguna ≥ 1.000 -falt minna næmi fyrir telbivudini. HBV sem kóðar rtN236T eða rtA181V útskiptinguna, sem tengist ónæmi fyrir adefoviri, var með um það bil 0,3- og 4-falda breytingu á næmi fyrir telbivudini í frumurækt, tilgreint í sömu röð (sjá kafla 4.4).

5.2 Lyfjahvörf

Lyfjahvörf telbivudins eftir staka og endurtekna skammta voru metin hjá heilbrigðum einstaklingum og hjá sjúklingum með langvinna lifrabólgu B. Ekki var lagt mat á lyfjahvörf telbivudins, í ráðlagða 600 mg skammtinum, hjá sjúklingum með langvinna lifrabólgu B. Hinsvegar eru lyfjahvörf telbivudins svipuð hjá báðum hópunum.

Frásog

Eftir að heilbrigðir einstaklingar ($n = 42$) tóku inn stakan 600 mg skammt af telbivudini var hámarksþéttni telbivudins í plasma (C_{max}) $3,2 \pm 1,1$ $\mu\text{g/ml}$ (meðaltal \pm SD) og miðgildi þess tíma sem leið þar til þéttin náðist var 3,0 klst. eftir inntöku. Flatarmál undir plasmáþéttni-tímaferli ($AUC_{0-\infty}$) var $28,0 \pm 8,5$ $\mu\text{g}\cdot\text{klst./ml}$ (meðaltal \pm SD). Breytileiki milli einstaklinga (CV%) í mælingum á almennri (systemic) útsetningu (C_{max} , AUC) var yfirleitt um það bil 30%. Filmuhúðaðar töflur sem innihalda 600 mg af telbivudini eru jafngildar 30 ml af telbivudin mixtúru, lausn (20 mg/ml).

Áhrif fæðu á frásog eftir inntöku

Þegar gefinn var stakur 600 mg skammtur með mat komu ekki fram nein áhrif á frásog og útsetningu fyrir telbivudini.

Dreifing

Binding telbivudins *in vitro* við plasmaprótein í mönnum er óveruleg (3,3%).

Umbrot

Eftir gjöf ^{14}C -telbivudins handa mönnum greindust engin umbrotsefni telbivudins. Telbivudin er hvorki hvarfefni, kemill né hvati cytokrom P450 (CYP450) ensímkerfisins.

Brotthvarf

Þarft að hámarksþéttin náðist féll plasmáþéttin telbivudins í tveggja þrepa veldisfalli og loka- og upplausunartími brotthvarfs ($t_{1/2}$) var $41,8 \pm 11,8$ klst. Brotthvarf telbivudins verður einkum með útskilnaði óbreytts telbivudins í þvagi. Nýrnaúthreinsun telbivudins er nálægt eðlilegum hraða gauklasíunar, sem bendir til að síun sé helsta útskilnaðarleiðin. Um það bil 42% af stökum 600 mg skammti telbivudins endurheimtast á 7 dögum í þvagi. Vegna þess að útskilnaður um nýru er helsta brotthvarfsleiðin þarf að aðlaga tímabil milli skammta hjá sjúklingum með í meðallagi til alvarlega skerta nýrnastarfsemi og hjá þeim sem eru í blóðskilun (sjá kafla 4.2).

Línulegt/ólínulegt samband

Lyfjahlvörf telbivudins eru í réttu hlutfalli við skammta á bilinu 25 til 1.800 mg. Jafnvægi náðist eftir 5 til 7 daga þegar lyfið var gefið einu sinni á dag og uppsöfnun almennrar útsetningar var u.þ.b. 1,5-föld, sem bendir til þess að raunverulegur helmingunartími uppsöfnunar sé u.þ.b. 15 klst. Eftir notkun 600 mg skammts af telbivudini einu sinni á dag var lægsta plasmabéttni við jafnvægi u.þ.b. 0,2-0,3 µg/ml.

Sérstakir sjúklingahópar

Kyn

Enginn marktækur kynbundinn munur er á lyfjahlvörfum telbivudins.

Kynþáttur

Enginn marktækur kynþáttabundinn munur er á lyfjahlvörfum telbivudins.

Börn og aldraðir (65 ára og eldri)

Ekki hafa farið fram rannsóknir á lyfjahlvörfum hjá börnum og öldruðum.

Skert nýrnastarfsemi

Lagt hefur verið mat á lyfjahlvörf telbivudins eftir stakan skammt (200, 400 og 600 mg) hjá sjúklingum (sem ekki eru með langvinna lifrabólgu B) með mismikið skerta nýrnastarfsemi (metið samkvæmt úthreinsun kreatínins). Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í tafla 9 er mælt með breytingu á tíma milli skammta telbivudins hjá sjúklingum með úthreinsun kreatínins < 50 ml/mín. (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Tafla 9 Lyfjahlvarfagildi (meðaltal ± SD) telbivudins hjá einstaklingum með mismikið skerta nýrnastarfsemi

	Nýrnastarfsemi (úthreinsun kreatínins í ml/mín.)				
	Eðlileg (>80) (n = 6) 600 mg	Vægs skerðing (50-80) (n = 8) 600 mg	Í meðallagi mikil skerðing (30-49) (n = 8) 400 mg	Alvarleg skerðing (<30) (n = 6) 200 mg	Nýrnasjúkdómur á lokastigi/blóðskilun (n = 6) 200 mg
C _{max} (µg/ml)	3,4 ± 0,9	3,2 ± 0,9	2,8 ± 1,3	1,6 ± 0,8	2,1 ± 0,9
AUC _{0-∞} (µg·klst./ml)	28,5 ± 9,6	32,5 ± 10,1	36,0 ± 13,2	32,5 ± 13,2	67,4 ± 36,9
CL _{RENAL} (ml/mín.)	126,7 ± 48,3	83,3 ± 20,0	43,3 ± 20,0	11,7 ± 6,7	-

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi sem eru í blóðskilun

Blóðskilun (í allt að 4 klst.) dregur úr útsetningu fyrir telbivudini um u.þ.b. 23%. Eftir að tímabil milli skammta hefur verið aðlagð með tilliti til úthreinsunar kreatínins er ekki þörf fyrir frekari skammtabreytingu í tengslum við venjulega blóðskilun (sjá kafla 4.2). Gefa á telbivudin að blóðskilun lokinni.

Skert lifrarstarfsemi

